skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Barnamenningarhátíð
Allt
Fasteignir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

19. apríl 2010 — 90. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Ekkert gullát á afmælinu

Jón Páll Eyjólfsson er fertugur í dag.

tímamót 14

Ekkert það myrkur er til

Afsagnir helgarinnar hafa skapað hollan þrýsting á þá sem brugðust í aðdraganda hrunsins, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

í dag 13

Valur byrjaði á sigri

Valsstúlkur unnu fyrsta leikinn gegn Fram um Íslandsmeistaratitilinn.

íþróttir 22

veðrið í dag

KÓLNAR Í VEÐRI Í dag ríkja norðlægar áttir, víða 3-8 m/s en hvassara við austurströndina. Sunnan- og vestanlands verður víða léttskýjað en N- og A-til verður heldur þungbúið og él á stöku stað.

veður 4

ALLT Á KAFI Þykkt öskulag lagðist yfir sveitir undir Eyjafjöllum á laugardag. Í gær fór að rofa til og þegar leið á daginn tók að rigna svo askan breyttist í svart forarsvað. Pétur Freyr Pétursson, bóndi í Núpakoti, segir öskuna sem betur fer ekki hafa smogið inn í húsin og ekkert ami að skepnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Allt á kafi í grárri drullu

Bændur undir Eyjafjöllum eru þrekaðir eftir mikið öskufall. „Tekur á taugarnar," segir dóttir ábúenda á Þorvaldseyri. Sumir kvarta undan sárindum í öndunarfærum. Vel hefur gengið að koma skepnum í hús.

ELDGOS „Það er leiðindalykt og allt á kafi í grárri drullu," segir Berglind Hilmarsdóttir, bóndi á Núpi undir Eyjafjöllum. Í gær birti til eftir að öskunni hafði kyngt niður og skilið eftir svart teppi yfir sveitinni. Berglind finnur til í öndunarfærunum og segir þungt að anda. „Eins og maður sé alltaf með ryk í nefinu. Fólk er eflaust misviðkvæmt fyrir þessu, ég get ekki ímyndað mér að þetta sér gott fyrir viðkvæma og börn."

Björgunarsveitir mættu á vettvang og aðstoðuðu við að ná hestum í hús. „Hrossin eru merkilega vel á sig komin," segir Berglind og segist orðin þreytt eftir atganginn. „En það gefur manni kraft að finna hvað allir standa þétt saman. Ég hef mestar áhyggjur af bæjunum sem urðu verst úti í öskufallinu og hlaupinu."

Ábúendum á Þorvaldseyri var gert að rýma bæinn um helgina. Ingunn Júlía Ólafsdóttir, dóttir Ólafs Eggertssonar og Guðnýjar Valberg á Þorvaldseyri, segir það hafa verið „svolítið áfall" að koma heim á sunnudagsmorgun. „Askan virðist samt ekki hafa komist inn í húsin að ráði, aðeins í fjósið en ekki í íbúðarhúsin. Hún segir gosið farið að taka sinn toll af fólki. „Þetta tekur á taugarnar, sérstaklega hjá foreldrum mínum. Það er talsvert tjón og álagið er mikið."

Gærdagurinn fór í þrif hjá ábúendum á Ásólfsskála. „Það er skítur og ógeð alls staðar," segir Katrín Birna Viðarsdóttir. „Við erum búin að smúla glugga, veggi, þakið í kringum húsið, fjárhús, fjós og hesthús. Það virðist ekkert ama að dýrunum en við erum orðin frekar þreytt." Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossi Íslands segir unnið að því að bjóða fólki áfallahjálp. „Það er full þörf á því. Þetta er ótrúlegt álag, bæði fyrir fólk sem óttast um skepnurnar sínar og afkomu og aðra sem fara á svæðið til aðstoða fólk og bjarga búfénaði. Enginn sem fer inn á þetta svæði er ósnortinn, það bara þyrmir yfir mann."

- bs / sjá síður 4 og 6

Íslensk stjórnvöld ítreka loforð um að greiða kostnað Breta og Hollendinga:

Samþykkja „eðlileg" vaxtakjör

EFNAHAGSMÁL Íslensk stjórnvöld heita því í nýrri viljayfirlýsingu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) að Bretum og Hollendingum verði að fullu endurgreiddur kostnaður vegna Icesave-reikninganna, auk „eðlilegra" vaxta.

Stjórn AGS samþykkti endurskoðaða efnahagsáætlun Íslands fyrir helgi. Við það tilefni gáfu íslensk stjórnvöld út viljayfirlýsingu þar sem árangri áætlunarinnar hingað til er lýst, sem og höfuðmarkmiðunum á næstunni.

Sérstakur liður er í viljayfirlýsingunni um Icesave. Þar er ítrekað að íslenska ríkið muni endurgreiða Bretlandi og Hollandi inneignir á Icesave-reikningum Landsbankans upp að lögbundnu hámarki.

Þar segir einnig að íslenska ríkið hafi fullvissað viðsemjendur sína um að þeir muni fá eðlilega vexti fyrir útgjöldum þeirra vegna málsins, takist að ná samkomulagi sem sé ásættanlegt fyrir alla aðila.

„Ísland er tilbúið til að ljúka við fyrsta tækifæri samningaviðræðum við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands um lagalegar og fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessa máls," segir í yfirlýsingunni.

> Ísland er tilbúið til að ljúka við fyrsta tækifæri samningaviðræðum við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands um lagalegar og fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessa máls.
>
> YFIRLÝSING ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA

Eins og fram kom í Fréttablaðinu nýverið féllst stjórn AGS ekki á að taka efnahagsáætlun Íslands til endurskoðunar fyrr en þessum ákvæðum var bætt inn í viljayfirlýsinguna.

Formlegar viðræður við bresk og hollensk stjórnvöld vegna Icesave hafa legið niðri að undanförnu.

- bj

SPURNING DAGSINS

Sigtryggur, var þetta skattalagabrot?

Ha? Já, ég samdi nýtt skattalag, viltu heyra brot?

Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður tábrotnaði þegar hann var að ganga frá skattskýrslunni sinni í síðustu viku.

Mannréttindasáttmáli Evrópu kveður á um tvískiptingu dómstiga:

Efast um lögmæti landsdóms

DÓMSMÁL Vafi leikur á hvort landsdómur standist Mannréttindasáttmála Evrópu. Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, benti á í grein á laugardag að samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu verði allir að eiga þess kost að mál þeirra sé tekið fyrir á tveimur dómstigum. „Landsdómur uppfyllir ekki þetta skilyrði. Hann er því ónothæfur," skrifar Þorsteinn.

Sigurður Líndal lagaprófessor tekur undir að það séu ýmis álitamál um landsdóm sem þurfi að huga að. Hann bendir hins vegar á að í Danmörku sé áþekkur landsdómur og úrskurðum hans sé ekki hægt að áfrýja. Hann bendir á að í svonefndu Tamíla-máli hafi landsdómur dæmt Erik Ninn-Hansen, þáverandi dómsmálaráðherra, í fangelsi. Ninn-Hansen hafi skotið málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu en því hafi verið vísað frá og dómurinn því staðið. Sigurður tekur hins vegar fram að hann hafi ekki náð að kynna sér úrskurð Mannréttindadómstólsins til hlítar og geti því ekki fullyrt um fordæmisgildi málsins.

SIGURÐUR LÍNDAL

Sigurður tekur ekki jafn djúpt á árinni og Þorsteinn um að landsdómur sé ónothæfur. Hann segir að hugsanlega væri að hægt setja á laggirnar yfirrétt sem hægt væri að áfrýja til. „Einnig eru tiltölulega rúmar heimildir til endurupptöku mála fyrir landsdómi og það gæti mögulega bjargað þessu fyrir horn. En í öllu falli er ljóst að það þarf að leggjast yfir þetta áður en landsdómur er kallaður saman." - bs

Þjóðhöfðingjar komust ekki:

Forsetahjón borin til grafar

PÓLLAND, AP Um 150 þúsund manns söfnuðust saman við útför Lechs Kaczynski forseta Póllands og Maríu konu hans í gær.

Margir þjóðhöfðingjar komust ekki í jarðarförina vegna flugbannsins í Evrópu.

Þeirra á meðal voru Barack Obama Bandaríkjaforseti og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel, kanslari Þýskalands. Dmitry Medvedev Rússlandsforseti flaug frá Moskvu til að vera viðstaddur jarðarförina. - þeb

Álft flaug á rafmagnsstreng:

Sló út rafmagni á Litla-Hrauni

LÖGREGLUMÁL Óheppin álft flaug á rafmagnsstreng skammt frá fangelsinu á Litla-Hrauni um klukkan 13.30 í gær með þeim afleiðingum að rafmagni sló út víða á Suðurlandi.

Eldur varð laus í kjölfarið þegar strengurinn féll til jarðar og kveikti í sinu. Nokkurn tíma tók að slökkva eldinn, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi.

Rafmagnsleysið hafði ekki áhrif á starfsemina á Litla-Hrauni enda fór vararafstöð strax í gang. Rafmagn komst á rúmri hálfri klukkustund eftir að það fór af. - bj

Riftunarfrestur í fjögur ár:

Geta náð í eignir fram til 2012

EFNAHAGSMÁL Hægt verður að rifta færslu eigna til skyldmenna í kringum bankahrunið allt að fjögur ár aftur í tímann í stað tveggja að hámarki gangi frumvarp um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti eftir. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, mælti fyrir málinu í nóvember í fyrra og var það afgreitt úr allsherjarnefnd Alþingis á föstudag.

Í áliti nefndarinnar segir að riftunarmál séu að verða sífellt flóknari og því tímafrekara að skýra hvort um málamyndagerninga sé að ræða. Því sé nauðsynlegt að lengja frestinn. - jab

LEIÐRÉTTING

Á síðu fjögur í blaðinu á laugardag var Ágúst Guðmundsson hjá Fjarkönnun rangnefndur Arnar. Einnig vantaði upp á auðkenni á gervitunglamynd á sömu síðu: Það er: ID: GEO 0100/A. Gudmundsson, Fjarkönnun ehf./ U. Münzer, Ludwig-Maximilians-University Munich/ (c) DLR

Vill flýta landsfundi eftir afsögn Þorgerðar

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ræðir í dag ákvörðun Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur að segja af sér sem varaformaður flokksins og taka sér leyfi frá þingmennsku. Mögulegt að flokksráð velji varaformann segir framkvæmdastjóri.

STJÓRNMÁL Óvenjuleg staða er komin upp í Sjálfstæðisflokknum eftir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sagði af sér varaformennsku í flokknum, og tilkynnti að hún hygðist víkja tímabundið af þingi.

Þorgerður tilkynnti afsögn sína á flokksráðsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem fram fór í Stapa í Reykjanesbæ á laugardag.

Kjör á forystu Sjálfstæðisflokksins fer aðeins fram á landsfundum flokksins, og sá næsti er ekki fyrirhugaður fyrr en í september 2011, segir Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins.

Í ávarpi sínu á flokkráðsfundinum sagðist Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ætla að kalla miðstjórn flokksins saman í dag, mánudag. Miðstjórnin mun ræða ákvörðun Þorgerðar, og ætlar Bjarni að leggja til við miðstjórnina að landsfundi Sjálfstæðisflokksins verði flýtt.

Flokksráð Sjálfstæðisflokksins getur í undantekningartilvikum kosið nýjan formann. Það á eingöngu við ef sitjandi formaður fellur frá eða forfallast varanlega. Jónmundur segir að hugsanlega megi skilja þá klausu þannig að flokksráðinu sé einnig heimilt að velja nýjan varaformann, sem sitja myndi fram að næsta landsfundi.

Talsverðan tíma tekur að öllu jöfnu að undirbúa landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Jónmundur segir fyrirsjáanlegt að undirbúningurinn muni taka nokkra mánuði, ákveði miðstjórn í dag að flýta landsfundinum.

brjann@frettabladid.is

STÍGUR TIL HLIÐAR Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tilkynnti afsögn sína sem varaformaður Sjálfstæðisflokksins, og að hún myndi taka sér leyfi sem þingmaður tímabundið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Ég get ekki horft fram hjá eigin ábyrgð"

„Ég hef eftir mikla umhugsun komist að þeirri niðurstöðu að það sé best fyrir Sjálfstæðisflokkinn, eins og sakir standa, að ég láti af embætti varaformanns og ég fari í tímabundið leyfi sem þingmaður," sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á fundi flokksráðs Sjálfstæðisflokksins á laugardag.

Ákvörðun Þorgerðar kemur í kjölfar umfjöllunar rannsóknarnefndar Alþingis um lánveitingar Kaupþings til Kristjáns Arasonar, eiginmanns Þorgerðar.

„Það er sárt að kveðja varaformannsembættið, en ég get ekki horft fram hjá minni ábyrgð, minni samvisku og mínum trúverðugleika," sagði hún.

„Ég vil ekki að persóna mín í embætti varaformanns skyggi á það endurreisnarstarf sem vinna þarf innan flokksins, eða þær gríðarlegu mikilvægu kosningar sem fram undan eru núna á vormánuðum."

Í ályktun flokksráðs Sjálfstæðisflokksins, sem samþykkt var á fundi ráðsins á laugardag, var Þorgerði þakkað fyrir mikilvæg störf sem varaformaður.

Óli Björn Kárason á þing:

Ekki létt að vera þingmaður

STJÓRNMÁL Óli Björn Kárason, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, mun taka sæti á Alþingi á meðan Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er í tímabundnu leyfi frá þingmennsku.

Óli Björn segist bera blendnar tilfinningar til þess að setjast á þing. „Ég held að það sé ekki létt verk að vera þingmaður á Íslandi í dag."

Fjallað er um lánveitingar til fyrirtækja Óla Björns í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þær voru mestar 478 milljónir í lok ágúst 2005. Hann segir þau mál ekki munu hafa áhrif á störf sín. „Ekki nema menn vilji gera það tortryggilegt að stunda atvinnurekstur á Íslandi," segir Óli Björn.

„Þetta eru ekki skuldir sem hvíla á mér, heldur á fyrirtækjum sem ég átti. Ég seldi þau raunar fyrir rúmlega þremur árum." - bj

Formaður Samfylkingarinnar:

Smituðust af nýfrjálshyggju

STJÓRNMÁL Samfylkingin smitaðist af hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar í gegnum Blairismann, tilraun til að tengja saman hugmyndir jafnaðarmanna og drifkrafta markaðsaflanna. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardag.

„Samkrull atvinnulífs, stjórnmála og stjórnsýslu hefur reynst vera höfuðmeinsemd í okkar litla þjóðfélagi," sagði Jóhanna. Hún sagði jafnframt Samfylkinguna hafa verið hluta af ríkisstjórn sem hefði getað minnkað skaðann í bankahruninu, þó hún hafi ekki borið ábyrgð á því sem er rót vandans.

Þá boðaði hún undirbúning að sérstakri rannsókn á einkavæðingu bankanna. - þeb

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ávarpaði flokksstjórnarfund Samfylkingarinnar:

Brást flokkinum og kjósendum

STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir brást sjálfri sér, Samfylkingunni og kjósendum hennar þau tvö ár sem flokkurinn var í ríkisstjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum. Þetta kom fram í ræðu hennar á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardaginn, þar sem hún tók óvænt til máls.

„Þegar ég nú horfi yfir tímabilið 2007 til 2009 þá geri ég það ekki af neinu stolti. Þvert á móti tel ég að margt hafi misfarist í stefnu og starfi Samfylkingarinnar sem ég ætla þó ekki að ræða hér í dag en eftirláta ykkur þá greiningu," sagði Ingibjörg. Hún sagðist hafa leitt flokkinn í ríkisstjórnarsamstarf sem hefði ekki getað tekið á fjármálakerfi „sem við vissum að var stofnað til með pólitískri spillingu og helmingaskiptum. Stjórnarsamstarfið hafði heldur ekki burði til að taka á vanhæfu stjórnkerfi þar sem aðskilnaðurinn milli stjórnmála og stjórnsýslu var löngu horfinn. Við slíkar aðstæður er voðinn vís."

BER ÁBYRGÐ Ingibjörg sagði á fundinum að hennar pólitíska uppgjör bíði betri tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í ræðunni sagði hún einnig að henni hafi verið óendanlega létt við þá niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis að hún hefði ekki gerst sek um vanrækslu í starfi. „Ég ber ábyrgð á sjálfri mér og gagnvart sjálfri mér. Ég ber ábyrgð á flokknum og gagnvart flokknum. Og ég ber ábyrgð gagnvart kjósendum flokksins." - þeb

PUNG FRELSI

NOVA

DAGUR & STEINI

Vertu í góðu sambandi í sumar!

Nova pungfrelsi

Pungur: 6.990 kr.
og þú velur um 2 GB netáfyllingu **1.490 kr.**
eða 5 GB netáfyllingu **2.490 kr.**

Pungurinn styður allt að 3,6 Mb/s hraða.

Pungfrelsi Nova er hefðbundin nettenging sem breytir fartölvunni þinni í alvöru far-tölvu. Pungfrelsi er ódýr og góð nettenging sem getur komið í stað ADSL sambandsins heima hjá þér, þú getur einnig tekið punginn með þér upp í bústað eða hvert sem þú ferð innanlands.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Pungur verð 6.990 kr. fæst eingöngu með Nova pungfrelsi (2 GB eða 5 GB áfylling) eða Nova internet áskrift (5 GB á 1.990 kr./mán.).

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

GOSSTRÓKUR Aska frá Eyjafjallajökli hefur stöðvað flugumferð víða í Norður-Evrópu. Eldingar í gosstróknum voru mikið sjónarspil í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erfitt að ráða í merkingu breyttrar gosvirkni:

Gosstrókurinn er lægri en óróinn eykst

Gosvirkni í eldstöðinni á Eyjafjallajökli var minni í gær en áður og fór gosmökkurinn ekki jafn hátt og síðustu daga. Gosóróinn ók hins vegar, og er mjög erfitt að ráða í þýðingu þessara breytinga, segir Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

„Það fór ekki milli mála að strókurinn var talsvert minni en hann hefur verið," sagði Páll, en hann flaug yfir gosstöðvarnar í gær með flugvél Landhelgisgæslunnar. Með minni gosmekki berst minna af ösku frá gosstöðinni.

Útreikningar á magni gosefna sem eldstöðin hefur spúið upp á yfirborðið benda til þess að rúmlega 700 tonn af gosefni hafi komið upp á hverri sekúndu fyrstu þrjá sólarhringana sem gosið varði.

Um 140 milljón rúmmetrar af gosefnum hafa farið út í andrúmsloftið frá eldstöðinni. Það myndi nægja til að fylla um 54 þúsund sundlaugar á stærð við Laugardalslaugina. - bj

Viðgerð á þjóðveginum við Markarfljót lokið:

Óvíst hvenær umferð verður hleypt á veginn

Verktakar luku í gær við bráðabirgðaviðgerð á þjóðvegi 1, hringveginum, við Markarfljótsbrú en ekki hefur verið ákveðið hvenær vegurinn verður opnaður fyrir almennri umferð. Einnig var gert við varnargarða sem verja veginn og brúna yfir Markarfljót.

Almannavarnir munu taka ákvörðun um hvort vegurinn verður opnaður í dag, en þeir sem fengið hafa að nota gömlu brúna til að komast yfir fljótið hingað til geta hér eftir notað nýju brúna.

Vegurinn var rofinn með stórvirkum vinnuvélum þegar hlaup kom í Markarfljót á miðvikudag. Talið er að það hafi bjargað brúnni. - bj

VIÐGERÐ Þjóðvegur 1 við Markarfljót var orðinn ökuhæfur í gærkvöldi, en óljóst er hvenær hann verður opnaður á ný fyrir almennri umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vongóðir um flug til Norðurlandanna í dag

Milljónir flugfarþega eru enn strandaglópar vegna ösku frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli. Askan hafði engin áhrif á þotur sem flugu tilraunaflug yfir meginlandi Evrópu í gær. Mikill þrýstingur er á flugmálayfirvöld að aflétta flugbanni.

Flugsamgöngur voru áfram í lamasessi víðast hvar í Norður-Evrópu í gær vegna gjósku frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli. Icelandair og Iceland Express náðu þó að fljúga samtals sjö ferðir til Þrándheims í Noregi.

Vonir standa til að hægt verði að fljúga frá Íslandi til Norðurlandanna og Bandaríkjanna í dag. Icelandair hefur boðað að flogið verði til Stokkhólms, Óslóar og Tampere í Finnlandi. Iceland Express reiknar með að hægt verði að fljúga til Kaupmannahafnar, Berlínar, Tenerife og Alicante.

Milljónir ferðamanna eru strandaglópar um heim allan eftir að flugsamgöngur lömuðust á fimmtudag í síðustu viku vegna gjósku frá Eyjafjallajökli.

Samgönguyfirvöld í Evrópu vonast til að hægt verði að fljúga víða í Evrópu í dag eftir að breyttar vindáttir blésu öskunni frá Eyjafjallajökli að einhverju leyti frá meginlandinu. Alls er þó óvíst hvort og hvenær flugsamgöngur komast í eðlilegt horf.

Nokkur stór flugfélög fengu í gær leyfi til að fljúga tilraunaflug. Engar skemmdir komu í ljós á þotunum vegna gosefna. Forsvarsmenn flugfélaganna hafa gagnrýnt að engar mælingar hafi verið gerðar á magni ösku sem borist hafi yfir Evrópu. Einungis hafi verið stuðst við útreikninga um væntanlegt útbreiðslusvæði öskunnar.

Kostnaður flugfélaganna vegna flugbanns víða í Evrópu er talinn nema um 200 milljónum Bandaríkjadala, 25 milljörðum króna, á dag. Kostnaðurinn er því mögulega kominn vel yfir 100 milljarða króna, og mikill þrýstingur á flugmálayfirvöld að aflétta banninu, að hluta eða öllu leyti.

„Það er augljóst að þetta gengur ekki lengur. Við getum ekki bara beðið eftir því að öskuskýið hverfi," sagði Siim Kallas, talsmaður samgöngumála hjá Evrópusambandinu, í Brussel í gær. Samgönguráðherra Frakklands tilkynnti í gær að ráðherrar frá öllum ríkjum Evrópu sem lokanirnar hafa náð til muni funda um ástandið í dag.

Þótt eldgosið í Eyjafjallajökli hafi áhrif á flugsamgöngur víða í Evrópu gengu samgöngur við alþjóðlegu geimstöðina snurðulaust fyrir sig. Bandaríska geimvísindastofnunin NASA reiknar með að geimferjan Discovery lendi í Flórída í Bandaríkjunum í dag.

brjann@frettabladid.is

NORDIC PHOTOS/AFP

AFLÝST Öllu flugi frá Zaventem-flugvelli við Brussel var aflýst í gær. Samgönguráðherrar Evrópuríkja hyggjast halda fjarfund í dag um viðbrögð við truflunum á flugi.

LÖNG BIÐ Farþegar bíða á Sjeremetíevo-flugvelli við Moskvu í gær. Talið er að í gærkvöldi hafi 63.000 flugferðum verið aflýst síðan á fimmtudag. NORDIC PHOTOS/AFP

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Í VEÐRI
Það kólnar heldur í veðri og verður heldur svalt næstu daga. Búast má við norðlægum áttum að mestu en á morgun verður hæg breytileg átt framan af degi og sunnanátt allra vestast. Ekki er að vænta mikillar úrkomu en þó geta verið él á stöku stað.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	22°
Berlín	15°
Billund	8°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	21°
London	15°
Mallorca	19°
New York	16°
Orlando	24°
Ósló	8°
París	20°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Opinn dagur í Háskólanum á Bifröst á sumardaginn fyrsta kl. 14 – 17.

Komdu í heimsókn og fáðu persónulega leiðsögn um skólann og allar upplýsingar um námið. Nemendur og kennarar kynna námsleiðir, verkefnavinnu, vinnubrögð og þá góðu aðstöðu sem er í boði, t. d. íbúðirnar, barnaaðstöðuna, líkamsræktarstöðina, baðsvæðið o.fl. Einnig kynnir Skólafélagið hið litríka félagslíf sem setur svip sinn á námið á Bifröst.

Skemmtidagskrá og grill fyrir alla fjölskylduna

- Nytjamarkaður með hönnun, handverk og góðgæti beint frá býli
- Fótboltakeppni
- Dýfukeppni
- Kubba-kast
- Sérstök barnadagskrá
- Grillmatur fyrir alla

Hljómsveitin Dikta leikur fyrir gesti kl. 17.

Sjáumst á Bifröst!

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

DAGUR & STEINI

GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Fjöldi fólks fór að skoða gosið um helgina:

Ferðalangar fengu ekki að fara inn í Fljótshlíð

Mikill fjöldi lagði leið sína austur á Hvolsvöll á laugardag til að berja gosstrókinn úr Eyjafjallajökli augum. Ökumenn fengu ekki að fara inn í Fljótshlíð eða að Markarfljóti samkvæmt fyrirmælum frá Almannavörnum.

„Ég held að fólk hafi almennt sýnt því skilning," segir Smári Sigurbjörnsson, formaður björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli. Björgunarsveitarmenn lokuðu vegum og höfðu fyrirmæli um að hleypa aðeins þeim sem erindi áttu lengra en á Hvolsvöll.

„Fólk á ekkert erindi lengra, við verðum að geta rýmt sveitirnar mjög hratt ef það kemur flóð," segir Smári. „Ég held að fólk skilji það alveg, það geta alltaf komið gusur."

Hann segir erfitt að gera sér grein fyrir fjölda þeirra sem gerðu sér ferð á Hvolsvöll, en það hafi verið gríðarlegur fjöldi og mikil umferð fram á kvöld. Lögreglumaður á Selfossi segir að mikil umferð hafi verið í gegnum bæinn. Á tímabili hafi umferðin um þjóðveginn verið eins og um Laugaveginn á góðum degi.

Fáir gerðu sér ferð til að skoða gosstöðvarnar í gær, enda huldu ský jökulinn og því var lítið að sjá. - bj

LOKAÐ Björgunarsveitarmenn ræddu við þá sem vildu komast lengra en á Hvolsvöll og sneru þeim frá sem ekki áttu brýnt erindi. MYND/ANDREA RÚNA ÞORLÁKSDÓTTIR

Spá Veðurstofu Íslands um öskufall

Sunnudagur: Vestanátt beinir gosmekki yfir Mýrdalsjökul. Búast má við öskufalli í Meðallandi og á Mýrdalssandi. Snýst í norðanátt í nótt, með öskufalli suður af Mýrdalsjökli.

Mánudagur: Ákveðin norðanátt ber gosmökk til suðurs frá Eyjafjallajökli. Öskufall því líklega einkum suður af gosstöðinni, en einnig má búast við einhverju öskufalli í Austur-Landeyjum og jafnvel í Vestmannaeyjum.

Þriðjudagur: Hæg breytileg átt á láglendi, en hvöss norðvestanátt í hærri loftlögum. Búast má við að gosaska berist því ekki langt frá gosstöðinni og þá einkum til suðausturs í átt að Vík í Mýrdal, en gæti þó dreifst talsvert umhverfis gosstöðina. Bjartviðri að mestu og ágætt skyggni, en lágskýjað og úrkoma um kvöldið.

Miðvikudagur: Norðan- og norðaustanátt og áfram fremur bjart veður. Reikna má með að öskufall verði einkum bundið við svæðið undir Eyjafjallajökli sunnanverðum. Einnig má búast við einhverju öskufalli í Austur-Landeyjum og Vestmannaeyjum.

Fimmtudagur: Líklega norðlæg átt, bjartviðri og gosmökkur til suðurs.

Spáin var unnin klukkan 16.30 í gær.



GERVITUNGLAMYND Á myndinni sést vel hvernig askan berst út á haf suður af landinu. Myndin var tekin af Aqua-gervitungli bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA) í hádeginu á laugardaginn.

RÝNT Í GÖGNIN Friðrik Höskuldsson stýrimaður, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, rýna ásamt vísindamönnum í ratsjá TF-SIF í flugi vélarinnar yfir gosstöðvarnar á Eyjafjallajökli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Flugvélin er bylting í gosrannsóknum

Ný eftirlits- og björgunarflugvél Landhelgisgæslunnar hefur leikið aðalhlutverk við gagnaöflun við gosstöðvarnar á Suðurlandi. Upplýsingarnar hafa gagnast við hættumat og veitt jarðvísindamönnum ómetanleg tækifæri til rannsókna.

TF-SIF, ný flugvél Landhelgisgæslunnar, kom til landsins í fyrrasumar en hefur þegar sannað gildi sitt. Þetta á ekki síst við um mikilvægi hennar til rannsókna á eldstöðvunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli undanfarna daga og vikur. Er það mat vísindamanna að kynstrin öll af upplýsingum, sem nú hefur verið aflað, lægju ekki fyrir ef vélin hefði ekki verið keypt. Vegna óhagstæðra veðurskilyrða frá gosbyrjun hefði upplýsingaöflun án vélarinnar verið erfið eða ómöguleg og snertir því einnig almannaöryggi.

Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarna ríkislögreglustjóra, segir tilkomu flugvélarinnar byltingu. „Það verður að segjast eins og er að ef við hefðum ekki haft vélina þá værum við að meta þetta í blindni. Þarna hefur verið lítið eða ekkert skyggni en radarinn hefur gefið okkur góða mynd af yfirborði jökulsins. Bæði höfum við séð hvernig sprungan liggur, hvar sigkatlar hafa myndast og hvar gosið nær í gegn. Síðan höfum við séð hvernig vatnið flýtur að hluta á yfirborði jökulsins."

Tæknibúnaður um borð í TF-SIF

- Fjarskiptabúnaður samanstendur af gervihnattafjarskiptabúnaði; Tetra og GSM. Þá eru möguleikar á gagnasendingum af jörðu og úr lofti.
- Eftirlitsbúnaður:
  - 360° langdræg ratsjá með mikla greiningarhæfni.
  - SLAR-radar til mengunareftirlits og ískönnunar. Hann býður jafnframt upp á notkunarmöguleika á landi.
  - MX-15 myndavél sem gerir áhöfninni kleift að greina og taka upp athafnir jafnt að nóttu sem degi.

Víðir segir að allir sem koma að öryggismálum hér á landi hafi vonast til að búnaður vélarinnar gæfi aukna möguleika. „En reynslan nú þegar hefur farið fram úr öllum okkar villtustu draumum."

„Við erum að skrásetja ógrynni upplýsinga á hverjum degi sem annars hefðu einfaldlega ekki legið fyrir," segir Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur á Jarðvísindastofnun. „Í raun gefur þessi tækni okkur alveg nýja sýn á eldgos hér á landi."

Ármann útskýrir að með radartækni um borð í vélinni sjáist í gegnum gosmökkinn og því hafi verið hægt að skrásetja og mynda þróunina á gosopinu. „Við sáum til dæmis á miðvikudaginn hvernig gatið opnaðist og stækkaði svo jafnt og þétt. Þetta er galdur."

Ármann telur að upplýsingarnar sem aflað hefur verið til þessa muni hafa mikið vægi í framtíðarrannsóknum á eldstöðinni í Eyjafjallajökli. Þess utan sé hægt að vinna nýtt áhættumat af mun meiri nákvæmni en annars hefði verið. „Það er einfaldlega stórkostlegt að hafa aðgang að þessari vél sem er að mínu mati þegar orðin ómissandi."

svavar@frettabladid.is

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.

50 ilmandi matseðlar.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Varst þú að vona að verðið væri það sama og í fyrra?
SUMARKORT SPORTHÚSSINS
VERÐ 9.900 KR.
kortið gildir til 20 ágúst 2010
Því fyrr sem þú kaupir, því meira færðu!
SUMARKORT+
árskort í sundlaugar Kópavogs
VERÐ AÐEINS 17.900 KR.
(takmarkað magn)
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
www.sporthusid.is · sporthusid@sporthusid.is
sími: 564-4050

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

D'ANGLETERRE-Fjármálakreppan olli því að Landsbankinn sat uppi með milljarðalán til Nordic Partners vegna kaupa á danskri hótelkeðju. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Landsbankinn lánaði tólf milljarða til hótelkaupa:

Átti að vera tímabundið lán

Landsbankinn lánaði Nordic Partners 65,5 milljarða króna frá byrjun árs 2007 fram til loka september 2008. Þetta er 508 prósenta aukning á tæplega tveggja ára tímabili. Nordic Partners skuldaði bankanum 78,5 milljarða í bankahruninu.

Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að lánin hafi verið að mestu vegna kaupa á hótelkeðju í Danmörku, þar á meðal D'Angleterre-hótelinu haustið 2007, og kaupa á matvælafyrirtækinu Hamé í Tékklandi í ársbyrjun 2008.

Landsbankinn var nær eini lánardrottinn Nordic Partners en heildarskuldir félagsins námu í kringum hundrað milljarða króna.

Rannsóknarnefndin segir lánanefnd bankans hafa verið tilbúna til að taka þónokkra áhættu með veitingu láns upp á 12,1 milljarð króna til félagsins, sem var umfram verðmat á hótelunum. Lánið átti að vera tímabundið, eða þar til Royal Bank of Scotland endurfjármagnaði það. Það gekk ekki í gegn vegna kreppunnar.

Athafnamaðurinn Gísli Reynisson stýrði Nordic Partners frá upphafi. Þegar hann lést í fyrravor flosnaði félagið upp og hefur skilanefnd Landsbankans unnið að því að taka hótelin yfir ásamt einkaþotuleigu félagsins. Aðrar eignir félagsins hafa skipt um hendur.

- jab

Eigendur bankanna sátu við hlaðborð

Stærstu hluthafar bankanna skulduðu 7.100 milljarða íslenskra króna þegar efnahagslífið hrundi haustið 2008. Danskur sérfræðingur segir lánveitingar bankanna til tengdra félaga hafa verið óeðlilegar.

Heildaráhættuskuldbindingar stóru bankanna þriggja, auk Straums, SPRON og Sparisjóðabankans, námu 14.250 milljörðum króna í bankahruninu í október 2008. Eigendur bankanna og aðilar tengdir þeim skulduðu helming fjárins og eru stærstu umsvifamestu skuldarar bankanna. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Í skýrslunni kemur fram að svo virðist sem bein tengsl fulltrúa helstu eigenda í stjórnum viðskiptabankanna við æðstu stjórnendur þeirra hafi leitt til þess að fjölmargar ákvarðanir um stórar lánveitingar hafi verið teknar án efnislegrar skoðunar líkt og krafist var. Þá voru lán veitt eigendunum án trygginga.

Jørn Astrup Hansen, fyrrverandi forstjóri Sjóvinnubankans í Færeyjum og formaður stjórnar endurskipulagningarfélags í eigu danska ríkisins, segir í fylgiskjali við skýrslu rannsóknarnefndarinnar, eigendur bankanna hafa setið við hlaðborð. Þeir hafi nýtt sér aðstöðuna og haft greiða leið að lánsfé.

Hansen segir ákvarðanir bankastjórnarmanna vafasamar og bera vott um vinargreiða. Dæmi um vafasamar fyrirgreiðslur segir hann lán Kaupþings til Antoniusar P. Yerolemou, stjórnarmanns í Kaupþingi og Bakkavör. Bakkavör heyrði undir Existu, stærsta eiganda Kaupþings. Á þessum tíma var eigið fé Yerolemous og fyrirtækja hans neikvætt um 46,3 milljónir evra. Hansen segir Yerolemou hafa því átt að víkja úr bankastjórninni.

FRÁ AÐALFUNDI GLITNIS Náin tengsl voru á milli æðstu stjórnenda Glitnis og helstu eigenda. Þorsteinn M. Jónsson, sem situr vinstra megin við forstjóra Glitnis, sat í stjórn bankans í krafti eignarhlutar FL Group. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

7.100 milljarðar króna voru skuldir eigenda gömlu bankanna og tengdra aðila við bankahrunið 2008.

Hansen nefnir sömuleiðis lánveitingar Glitnis til FL Group. Hann segir þær hafa farið óformlega fram, hafi oft ekki farið fyrir lánanefnd bankans. FL Group var lengi stór hluthafi í Glitni og átti menn í stjórn bankans. Í ljósi þess hafi bankastjórn Glitnis í raun átt að koma saman og fjalla um lánveitingarnar. Slíkir gjörningar voru þvert á dönsk lög um fjármálastarfsemi. Þá er ótalið að lánanefnd í dönsku fjármálafyrirtæki hefði ekki einu sinni veitt FL Group lán, að sögn Hansens, sem dregur í efa að þessi aðstaða samræmist íslenskum lögum um fjármálafyrirtæki. jonab@frettabladid.is

Umræðu skorti um áhrif veða í eigin bréfum á eiginfjárgrunn banka:

Framkvæmdin önnur en í Noregi

Álitaefni er hvort bankarnir hefðu ekki betur dregið frá skráðu eiginfé lán sem veitt voru með veði í hlutabréfum þeirra sjálfra. Rannsóknarnefnd Alþingis bendir á að skort hafi á umræðu um þetta mál í tengslum við endurskoðun reikninga fjármálafyrirtækja.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er bent á að lán bankanna gegn veði í eigin bréfum eða ígildi þeirra hafi hækkað eigið fé þeirra og stækkað efnahagsreikning án þess að nýtt fjármagn hafi komið á móti.

„Jafnframt hefur þetta haft áhrif á eiginfjárhlutfall og áhættugrunn fjármálafyrirtækjanna, sem er grundvöllur og mælikvarði á að heimila útlánahættu gagnvart stórum lántakendum," segir þar og bent á að trygging sú sem fjármálafyrirtæki fær með veði í eigin bréfum sé „ákaflega haldlítil" því veruleg hætta sé á að fyrirtækið láti hjá líða að ganga að slíku veði þegar veðþekjan lækkar samhliða lækkun á markaðsverði hlutabréfa í fjármálafyrirtækinu.

Í KAUPÞINGI Við miðlaraborðið í Kaupþingi í desember 2008. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að bankarnir hefðu betur dregið frá eiginfé sínu lán sem veitt voru gegn veði í hlutabréfum þeirra sjálfra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við fall fjármálafyrirtækis virka slík útlán í reynd ekki sem hluti af eiginfé, sem ætlað er að verja kröfuhafa félagsins, því að þau verða að engu."

Rannsóknarnefndin bendir á að lítið hafi farið fyrir umfjöllun um það hvort fjármálafyrirtæki hefðu átt að draga lán með veði í eigin hlutabréfum frá eiginfé sínu, en ljóst sé að endurskoðendur þeirra hafi talið að ekki bæri að gera það.

Bent er á álit prófessors Frøystein Gjesdal við Verslunarháskólann í Bergen að samkvæmt norskum lögum, byggðum á reglum Evróputéttarins, skuli draga lán til kaupa á eigin hlutabréfum frá eiginfé fjármálafyrirtækis. - óká

@ ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

ÞRÁÐLAUST

Logitech MK300
Þráðlaust lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og fjölda flýtitakka. Þráðlaus mús fylgir.

Logitech

8.450

LCD BREIÐSKJÁR

PHILIPS

24 Philips 241E1SB
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p uppl., 25000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

46.950

LEIKJATURN

COOLER MASTER

AMD 3 Athlon II 250 3,0GHz
4GB DUAL DDR3 1333MHz minni, 640GB SATA2 WD harðdiskur, Geforce N220GT 1GB skjákort, 22X +/- DVD skrifari , 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 7 Home Premium ofl.

119.950

PRENTARI

EPSON

Epson SX210
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 32 bls á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

13.950

MÓÐURBORÐ

msi

MSI 770-C45
Móðurborð fyrir AM2 og AM3, 6xSATA2 Raid, Gb Lan, 4xDDR3 1333, 1xPCI-E 16X, 7.1 hljóð.

14.450

VINNSLUMINNI

CORSAIR

Corsair DDR3 4GB
4GB, 1333MHz (2x2GB) ValueSelect 240pin CL9 vinnsluminni með lífstíðarábyrgð.

21.950

ÖRGJÖRVI

AMD Phenom II

AMD

AMD Phenom II Black Edition
QuadCore X4 955, 3.2GHz örgjörvi, Socket AM3, 45nm, 2+6MB cache, 125W, Retail.

29.950

SKJÁKORT

msi

MSI ATI Radeon R5770-Hawk
1GB 4800MHz DDR5, 875MHz Core, DVI, HDMI, DisplayPort, PCI-E 16X

35.950

SJÓNVARPSFLAKKARI UNITED

WD

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

640GB HDMI 720/1080i

24.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire One 532H-2DS
- 1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 10,1" TFT WSVGA skjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Vefmyndavél VGA
- Li-ion rafhlaða (8 klst.)
- Windows 7 Starter ofl.

67.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite L450D-11G
- 2.1GHz Mobile AMD Sempron SI-42
- 2GB vinnsluminni
- 160GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust netkort og vefmyndavél
- DVD/CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium

87.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 5542-304G50MN
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 500GB diskur
- 15.6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort með HyperMemory
- Vefmyndavél
- Talnaborð
- DVD / CD skrifari
- Windows 7 Home Premium stýrikerfi ofl.

117.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Skuldaði 18% af eiginfé Kaupþings

Ólafur Ólafsson var með stærstu hluthöfum Kaupþings allt frá einkavæðingu Búnaðarbankans árið 2003. Bankinn lánaði honum háar fjárhæðir þegar hlutabréfaverð hrundi.

Kaupþing lánaði félögum tengdum Ólafi Ólafssyni, sem löngum var kenndur við Samskip, 73 milljarða króna frá í janúar 2007 og þar til bankinn féll tæpum tveimur árum síðar. Þegar skilanefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins tók lyklavöldin í Kaupþingi skulduðu félög Ólafs bankanum 96,2 milljarða króna, sem jafngilti átján prósentum af eiginfjárgrunni bankans. Þá eru ótalin rúmlega fimmtíu milljarða lán félaga hans gagnvart Glitni.

Fjárfestingarfélögin Kjalar og Egla voru umfangsmestu lántakendur Kaupþings frá miðju ári 2006, samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

Félag Ólafs, Egla, keypti stóran hlut í Búnaðarbankanum við sölu ríkisins á bankanum í ársbyrjun 2003. Síðla árs 2006 var bankahluturinn færður inn í dótturfélagið Kjalar Invest, sem skráð var í Hollandi. Sumarið 2007 endurfjármagnaði bandaríski bankinn Citibank hlutafjáreignina og var Kaupþingshlutinn eftir það færður inn í annað Eglu-félag, sem jafnframt var skráð í Hollandi. Þegar yfir lauk átti Egla Invest um tíu prósenta hlut í Kaupþingi og var næststærsti hluthafi bankans. Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Kjalars, sat í stjórn Kaupþings í krafti eignarhlutarins.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er tekið fram að lán til félaga Ólafs hafi hækkað verulega þegar nær dró falli bankans. Það tengdist ekki síst veðkalli bandaríska bankans Citibank á Eglu. Í byrjun árs 2008 hafði gengi hlutabréfa bankans lækkað mikið ásamt því sem gengi krónunnar hafði lækkað. Þegar það fór undir veðþröskuld Citibank krafðist bankinn aukinna trygginga. Kaupþing brást við vandræðum Ólafs og lánaði honum 120 milljónir evra, jafnvirði rúmra ellefu milljarða króna, til að mæta veðkallinu. Bæði gengi hlutabréfa Kaupþings og íslenska krónan héldu áfram að falla og varð úr að Kaupþing og Glitnir komu félögunum til hjálpar. Þegar sumarið gekk í garð höfðu bankarnir tveir lánað félögum Ólafs fjögur hundruð milljónir evra, tæpa fjörutíu milljarða króna á þávirði, til að forða þeim bandaríska frá því að taka yfir hlutafé Ólafs í bankanum. Hefðu sú orðið raunin hefði Citibank orðið með stærri hluthöfum Kaupþings.

Þetta var fyrsti snúningur helsta eiganda Kaupþings til varnar hlutabréfaeign hans. Hálfum mánuði fyrir fall bankans í október 2008 fengu tvö félög Ólafs 130 milljónir evra, jafnvirði 17,7 milljarða króna, til kaupa á skuldatryggingum á Kaupþing. Viku síðar varð Kaupþingsbankinn aftur að styðja við bakið á Ólafi þegar þýski bankinn Deutsche Bank krafðist aukinna trygginga og lánaði honum jafnvirði sautján milljarða króna, samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Síðasta haldreipi Ólafs til bjargar Kaupþingi og þar með hlutafé hans í bankanum voru kaup sjeiksins Mohammeds Bin Khalifa Al-Thanis, bróður emírsins af Katar, á fimm prósenta hlut í bankanum. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að ótvíræð tengsl séu á milli Ólafs og Al-Thanis en Kaupþing lánaði Al-Thani fyrir kaupverðinu. Þetta dugði ekki til en örfáum dögum eftir að Katarbúinn keypti fimm prósenta hlut í Kaupþingi tók skilanefnd Fjármálaeftirlitsins bankann yfir. Lánið til Al-Thanis var enn ógreitt í janúar í fyrra.

jonab@frettabladid.is

ÓLAFUR ÓLAFSSON Einn af helstu hluthöfum Kaupþings lenti í miklum hremmingum þegar dyr lokuðust á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum árið 2008 og greip til ýmissa ráða til að halda verði hlutabréfa í bankanum uppi.

Lán tengd félögum Ólafs Ólafssonar



Áhættuskuldbindingar Kjalars og tengdra félaga*

Banki	Janúar 2007	Október 2008	Breyting
Landsbankinn	13,4	0,0	-100%
Kaupþing	23,1	96,2	317%
Glitnir	20,5	50,5	147%
Samtals	**56,9**	**146,7**	**158%**
(Samtals í evrum)	**601,7**	**1.008,3**	**68%**

* Upphæðir í milljörðum króna.
Tengd félög: Bakkavogur ehf., Barkarvogur ehf., Egla hf., Egla Invest BV, Festing ehf., Iceland Seafood International, Jónar Transport hf., Ker hf., Kjalar ehf. í LUX, Kjalar hf., Kjalar Invest BV, Samskip hf. og Samskip Holding B.V.

Viðskiptaveldi Ólafs og Búnaðarbankinn

Ólafur Ólafsson var 33 ára þegar hann var ráðinn forstjóri Samskipa árið 1990. Fjárfestingarfélagið Kjalar hélt lengi utan um hlut hans í félaginu. Ólafur hefur tengst fjölda fyrirtækja í gegnum tíðina, svo sem HB Granda og Alfesca (áður Sambandi íslenskra fiskútflytjenda). Af viðskiptasögu Ólafs ber vafalítið hæst aðkomu hans að kaupum hins svokalla S-hóps á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbankanum í ársbyrjun 2003.

Nokkrum spurningum er enn ósvarað um einkavæðingu Búnaðarbankans. S-hópurinn taldist vænlegasti kaupendahópurinn á sínum tíma, ekki síst vegna erlends banka, sem sagður var standa að baki hópnum. Lengi vel var talið að franski bankinn Société Générale væri áhugasamur meðfjárfestir. Fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að sama dag og skrifað var undir kaupsamning hafi komið í ljós að franski bankinn var fjarri góðu gamni og nafn þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers komið í stað Société Générale. Væntanlegir kaupendur sýndu fram á að þýski bankinn hefði daginn áður keypt helmingshlut í Eglu, félagi Ólafs Ólafssonar, sem ætlaði að kaupa 34,4 prósenta hlut í Búnaðarbankanum.

Margir drógu aðkomu Hauck & Aufhäuser í efa, töldu hann jafnvel lepp – ef hann var þá yfirhöfuð til. Við nánari athugun kom í ljós að bankinn sérhæfði sig í „sjóða- og eignastýringu fyrir stofnanir og einkaaðila, umsjón verðbréfa fyrir sjóði og fjármálastjórn fyrirtækja og einstaklinga“, líkt og segir í skýrslu rannsóknarnefndar. Þrátt fyrir hvítþvott fjármálaráðuneytis á málinu árið 2006 eru fyrirvarar settir við hlut bankans í Eglu á þessum tíma í skýrslu rannsóknarnefndar. Þar er dregið í efa að Hauck & Aufhäuser hafi tengst kaupunum á Búnaðarbankanum og bent á að fátt ef nokkuð bendi til þess að bankinn hafi átt mikla faglega samleið með Búnaðarbankanum sem almennum viðskiptabanka.

Í apríl í fyrra veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Eglu heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna. Eignarhlutur Kjalars í Samskipum var færður inn í dótturfélagið Festingu snemma árs 2008. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins eignaðist Ólafur níutíu prósenta hlut í Samskipum ásamt öðrum stjórnendum í gegnum félagið SMT. Skuldir Kjalars gagnvart Kaupþingi munu ekki hafa verið afskrifaðar.



Páfinn um kaþólsku kirkjuna:

Mun vernda börnin betur

MALTA, AP Kaþólska kirkjan mun grípa til aðgerða til að vernda börn og unglinga fyrir misnotkun, að sögn Benedikts páfa.

Benedikt átti fund með hópi manna sem höfðu verið fórnarlömb kynferðislegar misnotkunar innan kaþólsku kirkjunnar á Möltu. Hann sagði mönnunum einnig að kirkjan gerði allt sem í hennar valdi stæði til að rannsaka kynferðisafbrotamál. Páfinn var með tárvot augu og sagðist vera stoltur af mönnunum fyrir að hafa greint frá misnotkuninni. - þeb

Ríkissjóður gæti þurft að setja sex milljarða króna í Íbúðalánasjóð:

Staða Íbúðalánasjóðs verri en búist var við

EFNAHAGSMÁL Íbúðalánasjóður tapaði 3,2 milljörðum króna í fyrra og stendur eiginfjárhlutfall hans í þremur prósentum. Þetta er verri niðurstaða en búist var við, að sögn Guðmundar Bjarnasonar, forstjóra sjóðsins. Heildarútlán sjóðsins námu 757 milljörðum í lok árs.

Guðmundur segir að í skugga aðstæðna hafi verið ákveðið að færa fleiri eignir inn á varúðarreikning. Guðmundur hefur fundað með Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra um stöðuna. Hann segir eiginfjárhlutfallið pólitíska ákvörðun sem taka þurfi í samráði við eftirlitsaðila. Eigi það að vera fjögur prósent þurfi ríkissjóður að leggja Íbúðalánasjóði til þrjá milljarða króna, væntanlega í formi skuldabréfaútgáfu. Rúma sex milljarða þarf til að hækka hlutfallið í fimm prósent. „Telji menn þrjú prósent ásættanleg þá halda menn áfram að reka sjóðinn við þessar aðstæður," segir hann.

Íbúðalánasjóður á rúmar fimm hundruð íbúðir víða um land. Rúmlega hundrað þeirra eru á Reyðarfirði og Egilsstöðum, sem sjóðurinn lagði fé til í tengslum við álversframkvæmdir á Austurlandi. „Það voru miklar kröfur til sjóðsins þar enda lánuðu bankarnir ekki svo glatt út á land. Hefðum við ekki gert það hefði eitthvað verið sagt," segir Guðmundur. - jab

GUÐMUNDUR BJARNASON Forstjórinn segir Íbúðalánasjóð hafa verið nær þann eina sem lánaði til byggingaframkvæmda í kringum álversframkvæmdir á Austurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VÉL Í BIÐSTÖÐU Hlutabréf Icelandair Group verða aftur hluti af Úrvalsvísitölunni eftir rúmt ár úti í kuldanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýtt félag í Úrvalsvísitöluna:

Icelandair inn fyrir Bakkavör

VIÐSKIPTI Icelandair Group tekur sæti Bakkavarar Group í Úrvalsvísitölunni í dag. Ákveðið var á hluthafafundi Bakkavarar í marslok að taka félagið af markaði og gera það að einkahlutafélagi. Síðasti dagur félagsins sem skráð hlutafélag var á föstudag.

Hlutabréf Icelandair Group voru hluti af Úrvalsvísitölunni þegar fimmtán fyrirtæki mynduðu hana en þau duttu út þegar ný vísitala, sem samanstóð af hlutabréfum þeirra sex fyrirtækja sem mest er verslað með, var tekin upp í byrjun árs 2009. - jab

Framlengt á dópsmyglara:

Með 4 kíló af amfetamíni

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur úrskurðað karlmann, sem reyndi að smygla tæpum fjórum kílóum af amfetamíni inn með flutningaskipi í janúar, í áframhaldandi gæsluvarðhald til 23. apríl.

Maðurinn vann hjá Samskipum. Hann flutti efnin sjóleiðis erlendis frá. Daginn eftir komu skipsins handtók lögreglan hann í Sundahöfn. Hann reyndist þá vera með efnin innanklæða. Hafði hann verið að sækja þau út í skipið. - jss

Notaði bensín við íkveikju:

Játaði að hafa kveikt í bíl

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður af lögreglustjóranum á Suðurnesjum fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að kveikja í bíl, sem eyðilagðist í eldinum. Maðurinn játaði sök við þingfestingu málsins.

Brennuvargurinn braut rúðu í bílnum í ágúst 2008, hellti bensíni inn í hann og bar eld að.

Eigandi bílsins gerir einkaréttarkröfu í málinu þess efnis að maðurinn greiði honum skaða- og miskabætur að upphæð tæplega 1,4 milljónir króna með vöxtum. - jss

RANNSÓKNARSKÝRSLA

Lestrinum lokið

Lestri á rannsóknarskýrslu Alþingis í Borgarleikhúsinu lauk um hádegi í gær. Lesturinn tók um 146 klukkustundir og það var leikarinn Guðjón Davíð Karlsson sem las síðustu blaðsíðu hennar. Um 60 þúsund manns fylgdust með beinni útsendingu á vefnum.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað þarf til að við getum horft fram á veginn?

Afsagnir og afsökunarbeiðnir

Þrír þingmenn hafa nú brugðizt við niðurstöðum rannsóknarskýrslu Alþingis með því að segja af sér embættum eða fara tímabundið í leyfi frá þingstörfum. Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, er í skýrslunni talinn hafa sýnt af sér vanrækslu, ásamt tveimur öðrum ráðherrum. Hann fer í tímabundið leyfi á meðan þingmannanefnd ákveður hvernig bregðast skuli við skýrslunni, meðal annars hvort kalla skuli landsdóm saman til að fjalla um mál ráðherranna þriggja. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur sagt af sér varaformennsku í Sjálfstæðisflokknum og víkur sömuleiðis af þingi á meðan nefndin kemst að niðurstöðu. Hún viðurkennir að trúverðugleiki sinn hafi beðið hnekki vegna hárra lántakna eiginmanns hennar fyrir kaupum á hlutabréfum í Kaupþingi þegar flugið var mest á mönnum í bankakerfinu. Loks hefur Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tekið sér frí á meðan sérstakur saksóknari rannsakar hvernig staðið var að málum í Sjóði 9 hjá Glitni, þar sem Illugi sat í stjórn.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Allt hefur þetta fólk brugðizt við niðurstöðum skýrslunnar og axlað ábyrgð. Það hefur tekið rétta ákvörðun.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, sem áður hafði vísað ábyrgðinni frá sér, breytti um kúrs um helgina og viðurkenndi á flokksstjórnarfundi að hafa brugðizt sjálfri sér, flokknum og kjósendum. Ingibjörg er ekki lengur í neinu embætti sem hún getur sagt af sér eða farið í leyfi, en hún hefur viðurkennt ábyrgð sína og að hafa gert mistök.

Sama er því miður ekki unnt að segja um marga aðra, sem eru gagnrýndir harðlega í rannsóknarskýrslunni. Aðrir fyrrverandi ráðherrar, sem sakaðir eru um vanrækslu, hafa ekki séð ástæðu til að biðjast afsökunar. Ekki heldur fjórir embættismenn, sem taldir voru hafa sýnt vanrækslu í starfi. Enginn þessara manna er lengur í embætti. En þeir gætu beðizt afsökunar fyrir því.

Enn heyrist lítið frá fyrrverandi bankastjórnendum og útrásarvíkingum. Sá eini, sem hefur beðizt afsökunar, er Björgólfur Thor Björgólfsson, fyrrverandi aðaleigandi í Landsbankanum, Straumi og fleiri fyrirtækjum. Viðbrögðin við afsökunarbeiðni hans voru að mörgu leyti ómakleg. Það er ekki við því að búast að menn, sem geta átt yfir höfði sér ákærur og málsóknir, viðurkenni lögbrot nema þá fyrir dómstólum. Það verður sömuleiðis dómstólanna að ákveða hvort þeir eigi að skila peningum, sem þeir hafi fengið með óeðlilegum hætti eða borga skaðabætur. Ef þeir, sem biðjast afsökunar, fá bara yfir sig fúkyrðaflaum í stað þess að fólk meti við þá að þeir viðurkenni að þeir hafi breytt rangt, er það öðrum gerendum í bankahruninu lítil hvatning að stíga fram og játa mistök sín.

Það er mikilvægt að þeir, sem brutu lög í aðdraganda bankahrunsins, verði látnir sæta afleiðingunum. En íslenzkt samfélag getur ekki byrjað að horfa fram á veginn nema þjóðin fyrirgefi þeim, sem steyptu fjármálakerfi landsins í glötun. Fyrsta skrefið er að þeir biðjist fyrirgefningar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Algjörlega vanhæfur

Ein af ástæðunum fyrir því að bankarnir voru ekki teknir föstum tökum fyrir hrun, var djúp tortryggni milli ráðherra Samfylkingarinnar og Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Þetta kemur skýrt fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Samfylkingu var áfram um að Davíð viki úr embætti og þrýsti mjög á Geir H. Haarde í þeim efnum. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að framámenn í Samfylkingunni fundu því bara alls ekkert til foráttu að Davíð fór í Seðlabankann haustið 2005.

Mjög hæfur

Össur Skarphéðinsson sagðist þá meðal annars hafa fundið á Davíð að hann væri „saddur pólitískra lífdaga". Margir myndu eflaust agnúast út í að hann færi í Seðlabankann, bætti hann við, en erfitt væri „að halda því fram að maður sem hefur stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar í þrettán ár sé ekki hæfur til að vera seðlabankastjóri".

Góðir meðmælendur?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði ekki í anda Davíðs að fara í Seðlabankann. „Það er samt enginn vafi á því að hann er mjög hæfur til að setjast í bankastjórastólinn hafandi tekið þátt í að stjórna efnahagsmálunum hér um langt skeið." Nokkrum árum síðar voru Össur og Ingibjörg komin á þá skoðun að Davíð væri hvorki hæfur né saddur pólitískra lífdaga. Það eru trauðla góð meðmæli með meðmælum þeirra.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Af hverju ertu svona reiður, Jón?

Skipulagsmál

Jón Hjaltason
Sagnfræðingur

Ég var spurður þessarar spurningar í lok borgarafundarins um daginn. Svarið er einfalt: Bæjarfulltrúar Akureyrar, þeir sem vilja miðbæjarskipulagið, stunda það beinlínis að slá ryki í augu okkar bæjarbúa. Svo ég taki ekki dýpra í árinni. Þeim virðist lífsins ómögulegt að komast í gegnum umræðu um skipulagið án þess að fara með hálfsannindi og stundum hrein ósannindi.

Ætla að hundsa vilja nær 4000 Akureyringa

Ég er tilbúinn að rökstyðja þessa fullyrðingu á opnum vettvangi, hvar sem er. Ég er líka reiðubúinn að koma á fundi hjá Sjálfstæðis- og Samfylkingarmönnum, þá jafnframt til að útskýra af hverju mikill meirihluti Akureyringa er á móti miðbæjarskipulaginu sem þeir ætla að berja í gegn hvað sem tautar og raular.

Alvarlegast er þó að þessir flokkar virðast ætla að hundsa kröfu nær 4000 Akureyringa um að miðbæjarskipulagið verði lagt í dóm bæjarbúa.

Sigrún Björk Jakobsdóttir sagði þetta hreint út. Og rökin, jú það er ekki tímabært því að ekki verður ráðist í framkvæmdir næstu 5, 10 eða 15 árin. Svo voru ekki liðnar nema 5 mínútur þegar hún bætti við: En við ætlum að byrja framkvæmdir í miðbænum á næsta ári.

Var einhver að tala um íbúalýðræði?

Hvað munar okkur um milljarð?

Og hvað um peningahliðina. Hvorugur fulltrúi meirihlutans þóttist hafa hugmynd um hvað dæmið væri búið að kosta hingað til. Hugsið ykkur! Þó er eflaust um að ræða tugi milljóna en hvað er það á milli vina? Og þetta gáleysi með fjármuni okkar heldur áfram. Heila klabbið á að kosta okkur 858 milljónir, segir meirihlutinn, en reiknilist hans er dregin í efa, sumir segja töluna miklu hærri.

Og hugsið ykkur; hvorki Samfylkingarné Sjálfstæðismenn láta svo lítið að minnast á litlar 600 milljónir sem er áætlaður kostnaður við hafnarmannvirki tillögunnar. Sú tala kemur okkur víst ekki við því að Höfnin á að borga!

Og til að bíta höfuðið af skömminni er rætt um að bærinn kaupi bílastæði í væntanlegum kjöllurum. Verðið? Mönnum ber ekki saman um það en eitt er víst, það hleypur ekki á tugum milljóna heldur hundruðum. En þetta kemur okkur heldur ekki við.

Er furða þótt maður sé reiður?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

„Ekkert það myrkur er til…“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis á eftir að hafa varanleg áhrif á íslenskt þjóðlíf, því að þar segir af óhugnanlegri nákvæmni frá því hvernig „tilraunin Ísland“ fór út um þúfur. Þar segir í löngu máli frá stórkostlega illa reknu þjóðfélagi. Þar er spillingin þykk og vanhæfnin altæk.

Stjörnulögfræðingar liðinnar glópagullaldar kalla það reyndar „múgsefjun“ þegar almenningi gefst færi á að virða fyrir sér stjórnarfar á Íslandi síðustu áratugina og dirfist að hneykslast en ætli nærtækara sé ekki að tala hér um „siðbót“.

Óhjákvæmileg siðbót

Enginn þeirra sem léku aðalhlutverkin í þessum leik á afturkvæmt. Einstaklingarnir eru hrifnir með í þessum feiknum og berast með flaumnum, hver í áttina að sínum óhjákvæmilega stað. Ekkert verður sem áður. Þeir atburðir sem við lifum nú í kjölfar Skýrslunnar eru stærri og meiri en svo að nokkur einstaklingur fái stöðvað þá eða snúið þeim sér í hag.

Þó þeir reyni. Nokkrir lykilþátttakenda hafa brugðist við Skýrslunni þó að flestir þeirra reyni enn að fela sig inni í gosmekkinum, nú þegar þeir geta ekki lengur dulist inni í Icesave-moldviðrinu. Því eins og segir í Jobsbók 34:22: „Ekkert það myrkur er til eða niðdimma þar sem illvirkinn geti falist.“

Ekki byrjaði það vel. Það var beinlínis líkamlega óþægilegt að sjá Geir Haarde birtast daginn eftir Skýrslu eins og sjálfan Pontíus Pílatus. Hann sagði nei. Nei og nei og nei-nei-nei: ekki ég, ekki við, og alls ekki Davíð. Þegar maður heyrði og sá þennan Herra Hrun svona gersamlega ósnortinn af öllu endurlifði maður þessa skelfingardaga veturinn 2008 þegar hann var daglegur gestur í sjónvarpi að fullvissa okkur um endaleysur.

Og ekki tók betra við þegar Ólafur Ragnar Grímsson kom í viðtal í útvarpinu. Hann virtist telja að þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave hefði veitt honum slíkt endurnýjað umboð til sjálfsréttlætinga að hann gæti með gamalkunnum mælskubrögðum sópað burt þeim áfellisdómi sem er að finna um hann í Skýrslunni. Hann reyndi að láta líta svo út að siðferðishluti Skýrslunnar væri ómarktækur út af missögn um brall hans með Al-Thani ættinni í Katar (en Ólafur hefur eins og kunnugt er unnið um árabil ötullega að inngöngu Íslands í Asíu) en hinn „eiginlegi hluti“ hreinsaði hann af ábyrgð. Hann skynjaði ekki hinn þunga dyn Skýrslunnar. Þarna mistókst honum að finna samhljóminn með þjóðinni á örlagastundu – og á eftir að reynast honum dýrkeypt.

Fari þau vel

Illugi Gunnarsson og Björgvin G. Sigurðsson hafa báðir ákveðið að horfast í augu við raunverulega stöðu sína og láta af þingmennsku. Gott hjá þeim, fari þeir vel. Og Þorgerður Katrín. Heyrst hefur að ósanngjarnt sé að hún skuli gjalda fyrir lánabrask eiginmanns síns, en málið snýst ekki um það. Í merkri ræðu sinni á Flokksstjórnarfundi Sjálfstæðisflokksins tók hún á sig ábyrgð á stefnu- og aðgerðaleysi ríkisstjórnar Geirs Haarde og virtist afsögn hennar fyrst og fremst vera út af þeim áfellisdómi sem störf þeirrar ríkisstjórnar hlýtur í Skýrslunni. Hún dregur sem sé sínar eðlilegu pólitísku afleiðingar af því sem þar stendur. Gott hjá henni. Fari hún vel.

Rétt eins og Ingibjörg Sólrún gerði í sinni ræðu hjá Samfylkingunni: Hún hafði manndóm til að standa frammi fyrir því fólki sem trúði henni til þess á sínum tíma að vera í fararbroddi við siðbót íslensks samfélags og segja: Ég brást bæði sjálfri mér og ykkur og kjósendum.

Gerum ekki lítið úr því sem þessar konur hafa gert. Þær hafa gert afneiturum erfiðara um vik, skapað hollan þrýsting á aðra þá sem brugðust í aðdraganda hrunsins – Halldór Ásgrímsson, Davíð Oddsson og alla hina sem tóku afdrifaríkustu ákvarðanirnar um íslenskt efnahags- og fjármálalíf.

Og Bjarna Benediktsson sem telur sig hafa gert hreint fyrir sínum dyrum, vafningalaust, en er nokkurn veginn einn um það. Hann var flæktur í eitt ógeðfelldasta gróðabrall glópagullaldarinnar, þegar Sjóvá var tæmt.

Að ekki sé talað um banksterana sem nú segja: það átti að líta eftir mér, ég var bara villingur, ég var alltaf að bíða eftir því að einhver stoppaði mig. Þeir eru sinnar og okkar ógæfu smiðir. Þeir eiga nú loksins að reyna að haga sér eins og fullorðnir menn. Þeir eiga að koma heim með sinn rangfengna auð og skila honum, játa syndir sínar, finna sér heiðarlega vinnu, temja sér dyggðir, leita ljóssins. Því að ekkert það myrkur er til þar sem þeir geti falist.

Barnamenningarhátíð hefst í dag

Menning

Hanna Birna Kristjánsdóttir
borgarstjóri

Langþráður draumur Reykjavíkurborgar um að halda sérstaka barnamenningarhátíð verður að veruleika við setningu fyrstu Barnamenningarhátíðar í Reykjavík í dag, en hátíðin verður haldin dagana 19. til 25. apríl.

Börnin í borginni fá þá daga einstakt tækifæri til að sýna hvað í þeim býr á hinum ólíku sviðum lista- og menningar en dagskráin er undirbúin af börnum, fyrir börn. Um 1.300 tíu ára börn taka þátt í setningarhátíðinni í Hljómskálagarðinum ásamt Fíusól, sirkuslistamönnum og götuleikhúsfólki. Að hátíðinni koma grunnskólar í borginni, leikskólar, tónlistar- og myndlistarskólar, bókasöfn, listasöfn og aðrar menningarstofnanir og svo fjölmargir aðrir með spennandi verkefni. Listsköpun barna verður sýnileg á óvæntum stöðum eins og á botni Vesturbæjarlaugar, á innkaupakerrum í matvöruverslunum og í Strætó. Leik- og grunnskólar borgarinnar munu iða af lífi með sýningum og opnum húsum þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum barna verður boðið upp á spennandi dagskrá.

Börnin leggja land undir fót og taka yfir aðrar stofnanir en þeirra eigin á hátíðinni. Þannig syngur 300 leikskólabarna þjóðkór í Háskólabíó og nemendur úr Háteigsskóla frumflytja frumsamda óperu „Jörðina okkar“ í Hallgrímskirkju. Barnamenningarhátíðinni lýkur með stórum tónleikum með lögum af Vísnabókarplötunum Einu sinni var og Út um græna grundu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þann 25. apríl næstkomandi.

Þema hátíðarinnar að þessu sinni verður forvitni og kennir ýmissa forvitnilegra grasa í dagskránni. Ítarlegt yfirlit yfir alla dagskrárliði hátíðarinnar er aðgengilegt á slóðinni barnamenningarhatid.is.

Ég hvet fjölskyldur til að taka öflugan þátt í fyrstu Barnamenningarhátíðinni í Reykjavík og njóta þess hvað börnin okkar í borginni eru hugmyndarík, skapandi og skemmtileg.

Opinn kynningarfundur rammaáætlunar í Reykjavík 21. apríl

Skilafrestur umsagna framlengdur

Verkefnisstjórn 2. áfanga *rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði* boðar til opins kynningarfundar í Nýja bíói, fundarsal á 4. hæð Iðuhússins, Lækjargötu 2, miðvikudaginn 21. apríl kl. 16:00.

Á fundinum verða kynntar niðurstöður faghópa verkefnisstjórnar sem metið hafa svæði og virkjunarkosti, hver á sínu sérsviði. Í kjölfarið verður fyrirspurnum svarað.

Skýrslu verkefnisstjórnar um virkjunarkosti til mats og niðurstöður faghópa, auk ítarefnis, má nálgast á vefsíðu rammaáætlunar, www.rammaáætlun.is,

Umsagnarferli framlengt

Skilafrestur umsagna í opnu kynningarferli um niðurstöður faghópanna hefur verið framlengdur til 3. maí. Öllum er heimilt að senda inn umsagnir. Nánar á vefsíðunni www.rammaáætlun.is.

Verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar

Opinn dagur hjá Keili, fimmtudaginn 22. apríl kl. 12-16

Komdu í heimsókn og kynntu þér fjölbreytta námsmöguleika og glæsilega aðstöðu. Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

CHARLES DARWIN (1809-1882) LÉST ÞENNAN DAG.

„Manneskja með gott siðferði getur íhugað fyrri gjörðir sínar, verið ánægð með sumar og mislíkað aðrar.“

Charles Darwin var breskur náttúrufræðingur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. APRÍL 1923

Alþýðubókasafnið opnað

Á þessum degi árið 1923 tók Alþýðubókasafn Reykjavíkur, er síðar var nefnt Borgarbókasafn Reykjavíkur, til starfa. Bækistöð bókasafnsins var á Skólavörðustíg 3 en húsakostur í bænum var lítill um þær mundir og þótti húsrúm því ekki sem best.

Almenningur átti aðgang að Alþýðubókasafninu en þangað til hafði fólk yfirleitt átt aðgang að Landsbókasafninu. Gallar þóttu hins vegar á því fyrirkomulagi og má nefna að opnunartími Landsbókasafnsins var óhentugur útivinnandi fólki, þannig að fólk í erfiðisvinnu gat sjaldan nálgast bækur á útlánstíma.

Nýja bókasafnið átti að bæta úr þessu og var það opið tólf stundir á dag, frá klukkan tíu á morgnana til klukkan tíu á kvöldin og frá klukkan fjögur til tíu á kvöldin á sunnudögum.

Morgunblaðið segir frá opnun safnsins þetta sama ár og segir að líklega muni taka tíma að byggja upp bókaúrval safnsins en almenningsbókasöfn voru á þessum tíma orðin mjög útbreidd erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum og segir blaðið frá því að söfnin séu bæði styrkt af almannafé og auðmönnum. „Hjer á landi eru að vísu ekki til neinir auðmenn; en vera mætti þó, að margur vildi láta eitthvað af hendi rakna til safns þessa, annað hvort peninga eða bækur.“

MERKISATBURÐIR

1689 Amalíenborg í Kaupmannahöfn brennur eftir óperusýningu. Alls deyja 170 manns í brunanum.

1887 Landsbanki Íslands er sameinaður Sparisjóði Reykjavíkur.

1917 Leikfélag Akureyrar er stofnað sem áhugamannaleikhús. Leikfélagið hefur verið atvinnumannaleikhús síðan 1973.

1954 Fermingarbörn í Akureyrarkirkju klæðast hvítum kirtlum, fyrst íslenskra fermingarbarna.

1956 Rainer III, fursti af Mónakó, og leikkonan Grace Kelly, ganga í hjónaband.

AFMÆLI

HAYDEN CHRISTENSEN leikari er 29 ára.

KATE HUDSON leikkona er 31 árs.

JAMES FRANCO leikari er 32 ára.

ASHLEY JUDD leikkona er 42 ára.

FAGNAR MEÐ FISKISÚPU Jón Páll bauð sínum nánustu upp á fiskisúpu í gær því afmælisdagurinn sjálfur er undirlagður af æfingum Íslandsklukkunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓN PÁLL EYJÓLFSSON, LEIKARI OG LEIKSTJÓRI: ER FERTUGUR Í DAG

Ekkert gullát á afmælinu

„Það er alveg ljóst að þessi tímamót verða ekki umflúin, það er ekki hægt að slá þessu á frest með því að fara í tímabundið leyfi frá þessu – ég tek þessu fagnandi,“ segir Jón Páll Eyjólfsson, leikstjóri og leikari, sem í dag, 19. apríl, á fertugsafmæli. Jón Páll hefur haft í nægu að snúast á árinu sem er að líða og mun á afmælisdaginn æfa Íslandsklukkuna sem Þjóðleikhúsið frumsýnir næstkomandi fimmtudag. Jón Páll leikur dómkirkjuprestinn og vonbiðil Snæfríðar Íslandssólar, séra Sigurð Sveinsson.

„Maður heldur fertugsafmælið á stórmerkilegum tímum, þegar rannsóknarskýrslan, sem ég held að geti verið einhvers konar grunnur að nýjum sáttmála fyrir nýtt lýðveldi, kemur út,“ segir Jón Páll en þjóðmálin eru honum hugleikinari þessa dagana en fertugsafmælið sjálft. „Þessi skýrsla gerir það skjalfest, það sem sum okkar hafa haft á tilfinningunni, að persónur stjórnmálamanna og viðskiptamanna hafa orðið stærri en kerfið sjálft og sýnir að brotavilji þeirra var einlægur. Svo er svo merkilegt að þjóðin sem úthúðar útrásarvíkingum fyrir að hafa sýnt hömluleysi, æða áfram í blindni og hugsa ekki um öryggi annarra, er sama þjóðin og ryðst fram fyrir björgunarborðana við gosið,“ segir Jón Páll og bætir við að hann gæti hugsað sér að taka þetta efni fyrir.

„Já, mig hefur langað svolítið að vinna ljósmyndaverkefni og glíma við viðbrögð okkar við gosunum. Maður er alltaf að reyna að finna einhvern annan miðil til að koma hugmyndum sínum á framfæri og það er ekki alltaf auðvelt að gera það í leikhúsinu. En varðandi gosið þá vonar maður að þjóðin geti séð það í því ljósi að það er góð og gild ástæða fyrir því af hverju við mannfólkið tókum höndum saman um að mynda samfélag – það er til að geta passað upp á hvert annað eins og við þessar aðstæður. Þannig að ef við finnum ekki til smæðar okkar núna gagnvart náttúruöflunum og förum ekki varlega, þá gerum við það aldrei.“

Jón Páll eldaði fiskisúpu fyrir sína nánustu í gær þar sem afmælisdaguriinn sjálfur verður undirlagður af æfingum og segist hafa breytt heimili sínu í lítinn veislusal. „Þetta verður eitthvað lítið og nett. Ég ætla allavega ekki að fljúga á gosstöðvarnar með afmælisgesti og borða gullsnúða.“

juliam@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

Gerðu Herbertsdóttur

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Öldrunarlækningadeildar (B-4) á Landspítalanum í Fossvogi fyrir frábæra hjúkrun og umhyggju.

Herbert Haraldsson
Sigríður Haraldsdóttir
Hebba Herbertsdóttir
og fjölskyldur.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurveig Guðmundsdóttir
kennari,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 12. apríl sl. Útför hennar verður gerð frá Kristskirkju Landakoti 20. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnastarf Jósefskirkju í Hafnarfirði, reikningsnúmer: 0545-26-006680, kennitala: 680169-4629 eða Blindrabókasafn Íslands, reikningsnúmer: 0137-05-69187, kt. 650183-0459.

Margrét Sæmundsdóttir
Gullveig Sæmundsdóttir
Hjalti Sæmundsson
Logi Sæmundsson
Tómas Frosti Sæmundsson
Margrét Thorlacius
Jón Rafnar Jónsson
Þorkell Erlingsson
Steinar J. Lúðvíksson
Jenný Einarsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Dagbjörg Baldursdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Pálmadóttir
frá Drangsnesi,
Hrafnistu Reykjavík,

lést sunnudaginn 11. apríl. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. apríl klukkan 13.00.

Steingrímur Einarsson
Jón Einarsson
Pálmi Einarsson
Garðar Einarsson
Sigrún Jóhannsdóttir
Ingibjörg Hjörvar
María Teodora Mumoz
Bára Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjörleifur Guðnason
Gullsmára 9 í Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, föstudaginn 9. apríl. Útförin fer fram miðvikudaginn 21. apríl næstkomandi frá Digraneskirkju kl. 13.00.

Margrét Hjörleifsdóttir
Elín Hjörleifsdóttir
Guðni Hjörleifsson
Ingólfur Hjörleifsson
Eiríkur Ólafsson
Sumarliði Aðalsteinsson
Sigríður Margrét Vigfúsdóttir
Steinunn Jónsdóttir
og barnabörn og barna-barnabörn.

HÖNNUNARSÝNINGIN SALON DEL MOBILE í Mílanó hófst 14. apríl síðastliðinn. Þar ber fyrir augu margt merkilegt, meðal annars þennan sérstæða stól eftir Fabio Novembre sem er í líki andlitsgrímu.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

„Stundum er ég búin að taka allt til á kvöldin og þarf bara að ýta á einn takka á morgnana," segir Anna Sigríður.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON.

Hlakkar til að vakna á morgnana í kaffisopann

Söngkonan Anna Sigríður Helgadóttir á hlýlegt heimili með mörgum fallegum hlutum. Þegar hún er spurð hvað þar sé í mestum metum kemur í ljós að kaffivélin hennar er í efsta sæti vinsældalistans.

„Það er ekkert sem ég get ekki verið án í lífinu," segir Sigríður heimspekilega og lítur yfir sviðið. „Ég reyni að minnsta kosti að verða ekki háð neinu – en viðurkenni að ég hlakka alltaf til þess þegar ég fer að sofa á kvöldin að vakna næsta morgun til að fá mér kaffi." Hún kveðst nýlega búin að átta sig á að það gangi ekki lengur að drekka kaffi á kvöldin. Það sé ávísun á andvöku.

Kaffivélin á heimilinu heitir Krups. Þetta er espressovél og Anna Sigríður getur valið hversu sterkt kaffið er. „Ég fæ mér alltaf það sterkasta," segir hún og kveðst oft ekki drekka nema þennan eina bolla á dag. „Ég vil hafa kaffið hressandi. Bæði vakna ég vel af því og það kemur allri líkamsstarfseminni af stað," lýsir hún og kveðst alltaf kaupa Lavassa. „Yfirleitt drekk ég Qualita Rossa en ef ég vil gera mjög vel við mig fæ ég mér Crema e Gusto. Það er algert sælgæti," segir hún dreymandi. „Svo fæ ég mér 15 ml af kaffirjóma út í og það er oft eina mjólkurafurðin sem ég læt ofan í mig yfir daginn."

Anna Sigríður kveðst hafa lært söng á Ítalíu og þar kynnst þessu sterka Lavassakaffi. Skyldi hún hafa keypt vélina góðu þar líka? „Nei, ég fékk hana frá prestinum mínum og konunni hans. Ég vinn sko í Fríkirkjunni í Reykjavík og þetta er brúðkaupsgjöf frá þeim hjónum Hirti Magna Jóhannssyni og Ester Margréti Magnúsdóttur. Þú mátt trúa því að það eru góðar og hlýjar hugsanir sem ég sendi þeim á hverjum einasta morgni þegar ég fæ mér kaffi."

gun@frettabladid.is

Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

HEIMILI

GSPOT kallast ítalskt hönnunarfyrirtæki með skemmtilegar hugmyndir. Það hefur meðal annars hannað skemmtilega aringrind sem er útskorin eins og borg. Því er líkt og Róm brenni þegar kveikt er upp í arninum. www.gspotdesign.it

Vasar úr birki, lakkaðir að neðanverðu. Hönnuður Garðar Eyjólfsson.

Fatahengi úr lerki. Það sem er nær á myndinni er eftir Hönnu Jónsdóttur. Snagarnir eru fyrir yfirhafnir en skálin fyrir lykla eða annað smádót úr vösum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Unnið úr íslenskum viði

Íslensk hönnun, hráefni og handverk sameinast í nýjum nytjahlutum sem Eyjólfur Pálsson í Epal hefur látið framleiða sýnishorn af í samstarfi við marga aðila. Útkoman er fjölbreytt og forvitnileg.

„Ég vildi vekja athygli á því hvað hægt væri að gera úr íslenskum trjám. Það sem hristi upp í mér voru fréttir um að verið væri að spæna þau niður til að nota undir hesta og líka brenna þau í Járnblendinu. Mér fannst það ómögulegt að hér á landi væri verið að rækta skóg bara til að kurla. Þess vegna fór ég í þetta verkefni," segir Eyjólfur Pálsson um framleiðslu nytjahluta úr birki og lerki austan af Héraði. Hann kveðst hafa verið í samstarfi við Menningarráð Austurlands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og ekki síst Skógrækt ríkisins.

Hlutur hönnuðanna ellefu sem eru höfundar verkanna er vissulega stór. „Þetta er allt fjölhæft fólk með menntun frá ýmsum löndum. Ekkert af því er fólk sem ég þekkti en allflestir hönnuðirnir tengjast Austurlandi," segir Eyjólfur sem sá um að prótótýpurnar yrðu gerðar á íslenskum trésmíðaverkstæðum, bæði eystra og syðra. Hann kveðst eiga eftir að velja nokkra hluti til framleiðslu.

Sýning á nytjahlutunum verður sett upp 30. apríl í Níunni á Miðvangi 1-3 á Egilsstöðum.

gun@frettabladid.is

Koll af kolli nefnist þetta húsagagn eftir Hönnu Jónsdóttur. Getur verið trappa eða tvö misstór sæti.

Nýkomið mikið úrval af vönduðum inniskóm úr leðri og með skinnfóðri.

Teg. 2171
Stærðir. 36–42
Litur: Svart
Verð: 10.900,-

Teg: 3714
Stærðir: 36–42
Litir: rautt og svart
Verð: 10.900,-

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Ókeypis fyrir alla

Mánudagur 19. apríl

- Hvernig stöndumst við álag - Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur. kl.12:30-14:00
- Hraðskákmót - Skákmeistari Róbert Lagerman. kl.13:30-15:30
- EFT og djúpslökun - Umbreyttu heftandi viðhorfum með EFT tækninni. Umsjón: Viðar Aðalsteinsson, EFT sérfræðingur. kl.14:30-16:30
- Barnið komið heim - Fyrsti hluti af sex. Skráning nauðsynleg. kl.17-19

Prjónahópur kl. 13-15 • Enskuhópur kl. 14-15 • Skákklúbbur kl. 15:30-17

Þriðjudagur 20. apríl

Qi–Gong kl. 12-13 • Gönguhópur kl. 13-14 • Íslenskuhópur kl. 13-14
Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) kl. 14-16
Skiptifatamarkaður /Barnaföt kl. 16-18

Miðvikudagur 21. apríl

- Hjólað í vinnuna er fyrir alla - Líka atvinnuleitendur - Undirbúningur hjólanna og myndun liða sem hjóla í virknina. kl.12-13
- Viltu fá meira fyrir þinn snúð? - Grunnhugmyndir og æfingar í samningatækni. Seinni hluti. Umsjón: Silja Bára Ómarsdóttir kl.15:30-16:30

Tölvuaðstoð kl. 13.30-15.30 • Briddsklúbbur kl.14-16
Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14-16

Fimmtudagur 22. apríl

- Lokað! Sumardagurinn fyrsti - Gleðilegt sumar!

Föstudagur 23. apríl

- Skip án skipstjóra - Settu þér markmið og fylgdu þeim. kl. 12:30-13:30
- Brjóstsykurgerð - Réttu vinnubrögðin við brjóstsykursgerð kennd og allir fá smakk með sér heim. Umsjón: Jóna Svandís Þorvaldsdóttir. kl.13:30-15

Gönguhópur kl. 12.30-13.30 • Hláturjóga kl. 15:30 -16:30

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið
Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

Castello
PIZZERIA

30% afsláttur af sóttum pizzum

Tilboðið gildir frá 19–25. apríl

„Bjóðum einnig upp á speltpizzur"

Ekta eldbakaðar pizzur eins og þær eiga að vera

Alltaf ferskasta hráefnið sem völ er á

Sími: 577-3333
Dalvegur 2, 201 Kóp.
Opið alla daga frá kl. 11–1

Dalshrauni 13, Hafnarfjörður
Opið sun – fim frá kl. 11–23,
fös og lau frá 11–23:30

www.castello.is

FASTEIGNASALA ÍSLANDS
VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

MÁVAHRAUN 25 - HAFNF.
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18-19
Einb.

Á þessum vinsæla stað, einbýlishús á einni hæð ásamt stórum bílskúr, samtals 186 fm. Stofa, borðst., 5-6 herb, eldhús, þvottahús, baðherb., gestasnyrting. Flísar og parket. Góð hellulögð s-verönd. Laust. Skipti á minni eign ath. Verð 42,8 millj.

HOLTSBÚÐ - GARÐABÆ
Einb.

Vorum að fá í einkasölu einbýlishús á einni hæð ásamt góðum bílskúr, samtals 160 fm. Frábær staðsetning. Stofa, borðst., 3 góð herbergi, baðherb., sauna. Góð suður verönd og garður. Stutt í skóla og þjónustu. Miklir stækkunarmöguleikar. Skipti ath. Verð 39,8 millj.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni arkitekt.

Útsýni og sólríkar svalir

Fasteignasalan Miklaborg hefur til sölu fallegt 270 fm einbýlishús með tvöföldum bílskúr við Sunnuflöt í Garðabæ.

Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, þrjú herbergi, fataherbergi, tölvukrók og baðherbergi. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni arkitekt, er með gott útsýni og fallega lóð.

Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Snyrtingin er flísalögð og það er holið einnig. Stofurnar eru sérlega rúmgóðar og er fallegt Drápuhlíðargrjót á vegg í stofu. Útgangur út á pall í vesturátt frá stofunni. Eldhúsið er með flísalögðu gólfi með efri og neðri skápum og flísum á milli. Í eldhúsinu er bæði háfur og góður borðkrókur. Inn af eldhúsinu er þvottahús með útgangi út á baklóð. Gengið er úr holinu upp í rúmgott sjónvarpshol með flísalögðu gólfi og arni. Svalir eru út af stofunni til suðurs og eru

þær mjög sólríkar. Herbergin eru þrjú og mögulegt að fjölga þeim. Eru tvö þeirra með korklögðu gólfi og skápum og eitt parketlagt og með fataherbergi inn af og tölvukrók.

Þak hússins er nýlegt og óregonfura í öllum gluggum. Húsið er tilbúið til afhendingar samkvæmt samkomulagi.

heimili
FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

Sími
530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

Mjölnisholt - hæð og ris.
Rúmgóð um 125 fm íbúð á tveim hæðum. Möguleik á allt að 5 svefnherb. Einnig mögulega tvær íbúðir. Nýtt fallegt eldhús. Verð 26,0 millj.

Sæbólsbraut Kópavogi - gott endaraðhús.
Nýkomið í sölu um 280 fm endaraðhús með aukaíbúð í kjallara. Vel skipulagt hús með fjórum herb. & tveim stofum. Gott ástand og fallegt útsýni. Verð 50,0 milli.

Álftamýri - sérlega góð 3ja .
Vorum að fá í einkasölu góða 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð. Gott skipulag og ástand. Frábær staðsetning. Verð 18,9 millj.

Smiðjustígur - 101 Rvk.
Mjög falleg 92 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu þríbýlishúsi í 101 Rvk. Nánari uppl. á Heimili.

Sóleyjarimi.
Fallegt og vandað 218 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. V. 49,0

Neðstaleiti - 3ja herb
Góð 95 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Góðar svalir og mikið útsýni. Húsvörður í húsinu og stutt í alla þjónustu. V. 24,9 m.

Hamravík.
Fallegt og vandað 240 fm einbýli með innbyggðum bílskúr. Róleg staðsetngin við óbyggt svæði. Mikið útsýni. V. 75,0 m

Sóltún - 2ja herb
Glæsileg 75 fm íbúð á jarðhæð í álklæddu lyftuhúsi. Íbúðin er rúmgóð björt og vel skipulögð. Áhv 21,0

Bjarkarheiði.
Nýlegt vel innréttað 145 fm endaraðhús með innbyggðum 26 fm bílskúr. 3 stór herbergi, nýr sólpallur. Skipti á íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Rjúpnasalir - 3ja herb.
Mjög falleg 96 fm endaíbúð á 3. hæð (efstu) með sérinngangi í litlu fallegu fjölbýlishúsi í Salahverfinu Kópavogi. V 22,9 m.

Skógarás - 3ja herb.
Góð 90 fm íbúð á 2. hæð. Góðar svalir og mikið útsýni. Barnvænt og rólegt hverfi.

Klapparhlíð - 4ra & bílskúr
Vönduð 100 fm endaíbúð á efstu hæð með miklu útsýni og sérstandandi 27 fm bílksúrs. Getur selst með eða án bílskúrsins. V. 25,9 m.

Hjarðarhagi - 3ja herb.
Mjög rúgmóð 91,8 fm íbúð á 1. hæð í fallegu 5 hæða endurnýjuðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Vesturbænum. Laus fljótlega. V. 23,5 m.

Kastalagerði.
Fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr.

Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir...
...heldur líka um fólk

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Dalsás - Frábært útsýni - Hf

Nýjar glæsilegar íbúðir 3ja - 4ra.

Hraunhamar kynnir nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir með og án bílskýlis á frábærum stað í Áslandi í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fljótlega fullbúnar en án gólfefna. Vandað hús á tveimur til þremur hæðum. Sérinngangur í hverja íbúð, stæði í bílahúsi.

3ja herb. 90,8 fm verð 22,6 millj. 4ra herb. 124,5 fm 32,5 millj. Teikningar á skrifstofu og nánari upplýsingar.

Reykjavíkurvegur 52A og B - Hf

- Íbúðir eru til afhendingar strax
- Viðhaldslítið hús
- Rúmgóðar íbúðir
- Tvennar svalir með völdum íbúðum
- Mynddyrasími
- Snjóbræðslukerfi í göngustíg og aðkomu að bílskýli
- Allar íbúðir með sérinngangi á svölum
- Nútímalegar innréttingar frá Fagus með granítborðplötum
- Íbúðir eru afhendar fullbúnar með vönduðu 2ja stafa Kährs parketi
- 28 stæði í bílgeymslu
- Verð frá 27,9 millj.

Einbýlis-, rað-, parhús

Furuvellir - Hf – Einbýli .
Fallegt einlyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 214 fm. Gestasnyrting. Glæsilegt eldhús opið inn í stofu. Svefnherb. með fataherb. innaf. Glæsil. baðherb. 2 barnaherb. Parket og flísar. Verönd með heitum potti. Skipti á nýlegri 4ra herb. íbúð í Hafnarfirði. Verð 49 millj.

Ljósaberg - Hf - Parhús
Fallegt parhús á þessum friðsæla stað í Setberginu, húsið er 168 fm með bílskúr, Fallegar innréttingar og 4 svefnherbergi, Gott skipulag og eignin er til afhendingar fljótlega. Möguleg skipti á minni eign koma til greina. Verðtilboð.

Brúnás - Hf - Einbýli
Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum 194 fermetrar með innbyggðum 55,8 fermetra bílskúr samtals um 249,8 fermetrar vel staðsett í Ásahverfi í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Frábær staðsetning. Gott hús þar sem það sést að það vandað til verka. Skipti skoðuð á minni eign. V. 89 millj.

Flesjakór - Kóp - Parhús
Glæsilegt 197,4 fm parhús á 2. hæðum þar af er bílskúr 26,2. fm vel staðsett í Kórahverfi í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, baðherb., þvottah. og bílskúr. Á neðri hæð eru tvö góð barnaherb., baðherberb., sjónvarpshol og hjónaherb.. Góð sérgeymsla. Glæsil. innrétt. og gólfefni. Fráb. staðsetn. Verð 53. millj. Uppl. Þorbjörn Helgi s: 8960058.

Furuvellir - Hf - Einbýli
Vel staðsett einb. á einni hæð með innb. bílskúr samtals 188 fm Eldhús með fallegri innréttingu. Gestasnyrting. 4 svefnherb. Gott baðherb. Góður bílskúr með gönguhurð. Gólfefni eru parket og flísar. Skipti möguleg á minni eign. Upplýsingar Þorbjörn s. 896-0058. Verð 41 millj.

Hamarsbraut - Hf - Einbýli
Nýkomið í sölu einb. á 3.hæðum samtals 169,4 fm. Inngangur á aðalhæð (miðhæð), forstofa, hol. baðherb., eldhús, stofa og herb. Ris, 2 herb., baðherb. herb. óinnréttað. Niðri þvottah. og geymsla. innangengt í bílskúr. Húsið er ansi hrátt og þarfnast standsetningar. Laust. Verð 31,9 millj.

Glitvellir - Hf - Einbýli
Hagstætt verð. Glæsilegt nýtt einbýli á 1 hæð m/innb. bílskúr, samtals ca. 250 fm. Húsið afhendist fokhelt, þ.e. uppsteypt, (einangrað að utan og innan) gler og gluggar ísett, timburklæðning á þak komin, lóð í núverandi ástandi. Allar hurðir utanhúss fylgja ísettar, nema aðalhurð og bílskúrshurð. Járn á þaki. Arkitekta teikningar á skrifstofu.

Erluás - Hf- Parhús
Nýkomið mjög gott 193 fm parhús á þessum frábæra stað. 4 góð svefnherb. Gott skipulag. Útsýni.Fallega ræktuð lóð með potti, gosbrunni og fallegum gróðri. Til greina koma skipti á minni eign. Verð 42,7 millj.

Jófríðarstaðavegur - Hf - Einb
Höfum fengið í einkasölu á þessum einstaka stað, glæsilegt 305 fm einbýli með innbyggðum bílskúr. Eignin er glæsilega hönnuð, með glæsilegum stórum stofum, nýstandsett eldhús, glæsilegt útsýni af tveimur svölum. Mjög góð auka íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Eign í toppstandi utan sem innan. Einstök staðsetning. Verð 59,9 millj.. Upplýsingar gefur Hilmar sölumaður í síma 892-9694 eða á skrifstofu Hraunhamars.

Kjarrmóar - Gbæ - Raðhús
Nýkomið í einkas. á þessum vinsæla hverfi sérl. skemmtil. raðhús með innb. bílskúr samtals 140 fm. 4 góð svefnherb. Glæsilegur garður með verönd. Frábær staðsetn. Verð 38 millj.

Merkurgata - Hf - Einbýli
Glæsilegt uppgert einb. á þessum einstaka stað í vesturbænum. Eign í mjög góðu standi utan sem innan. 3 svefnherb, rúmgóðar stofur og eldhús. Skjólgóð veröld í bakgarði. Vönduð og falleg eign . V. 38,4 millj.

5-7 herb. og sérh.

Móabarð - Hf - Sérh. m. bílskúr
Skemmtileg neðri sérhæð m. bílskúr samtals 145 fm. 3 góð svefnherb. Hús í góðu standi. Verð 27,8 miilj.

Smyrlahraun - Hf – Sérh. m. bílskúr
Nýkomin sérl. glæsil. efri sérhæð í vönduðu tvíbýli á þessum frábæra stað. Eignin er 173 fm með bílskúr. Eign í toppstandi. Verð 35,9 millj.

4ra herbergja

Skipalón 25 - Hf - 4ra
3 Glæsilegar íbúðir, íbúðinar er 120 fm með geymslu, gott aðgengi, lyfta, og gluggar í fjórar áttir í íbúðunum. 3 rúmgóð svefnherb. bjartar og fallegar stofur og eldhús í einu rými, bílastæði í lokaðri bílageymslu, sérinngangur af svölum. gott áhvilandi lán cirka 21 millj. Verð frá 25,2 millj. Sölumenn sýna.

Arnarhraun - Hf - 4ra
Mjög fallega 108 fm 4ra herbergja íbúð á frábærum stað. Eignin skiptist í sameiginl. inngang, stigapall, hol, stofu, borðstofu, eldhús, tvö herb, hjónaherb., fataherb., baðherb., geymslu ásamt hefðbundinni sameign. Gólfefni eru parket og flísar. Góð geymsla.. Glæsileg hraunlóð. Húsið var málað og viðgert sumarið 2009. Skipti möguleg á stærri eign í sama hverfi. Uppl. veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm 8960058.

Stíflusel - Rvík - 4ra
Nýkomin sérlega falleg og vel umgengin 113 fm íbúð á 2.hæð í góðu fjölb. Nýlegt eldhús. Rúmgóð herb. Verð 21,9 millj.

3ja herbergja

Miðvangur - Hf - 3ja herb.
Sérlega falleg ca 92 fm íbúð á 2.hæð í fjölbýli. Nýlegar innréttingar og nýl. eldhús og baðherb.
S-svalir. Sérþv. herb. Frábær staðsetn. og útsýni. Verð 19,3 millj.

Skipalón 25 - Hf - 3ja
6 Glæsilegar íbúðir. Íbúðinar er 100 fm með geymslu, gott aðgengi, lyfta, og gluggar í þrjár áttir í íbúðunum. 2 rúmgóð svefnherb. bjartar og fallegar stofur og eldhús í einu rými, bílastæði í lokaðri bílageymslu, sérinngangur af svölum. gott áhvilandi lán cirka 21 millj. Verð frá 22,5 millj. Sölumenn sýna.

2ja herbergja

Álfholt - Hf - Til sölu/leigu
Í sölu sérlega skemmtil. rúmgóð 2ja herb 67 fm íbúð. Fallegt eldhús, rúmgóð stofa. Parket og flísar. Frábært útsýni. Áhvílandi ca 13 millj. hagstætt lán. Verð 14,9 millj.

Fellsmúli - Rvík - 2ja
Falleg björt 2j herb. íbúð á efstu hæð. Björt stofa. Suður-svalir. Fallegt eldhús með nýlegri innréttingu Gott svefnherb. Gott baðherb. Áhvílandi hagstætt lán ca 15,4 millj. Verð 15,1 millj.

Reynihvammur - Hf - 2ja
Falleg neðri sérhæð í tvíbýli á þessum friðsæla og vinsæla stað í suðurbæ Hafnarfjarðar, rétt við suðurbæjarlaugina. Íbúðin er skráð 57,6 fm, Gott aðgengi, Íbúðin er laus strax. V, 16,7 millj.

Birkiholt - Álftanes- 3ja
Nýkomin í sölu falleg 2ja herb. íbúð 76 fm. Rúmgott svefnherb. Falleg innrétting í eldhúsi, þvottaherb. Gott baðherb. Parket á gólfum. Áhvílandi ca. 17,3 millj. Verð 17,9 millj.

Berjavellir - Hf - 2ja
Vönduð 71,4 FM 2ja herbergja íbúð í vönduðu lyftuhúsi. Rúmgóð forstofa með skáp. Baðherbergi flísalagt með vandaðri innréttingu.Rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi. Rúmgóð stofa með útg á svalir. Eldhús er með vandaðri viðarinnréttingu, Rúmgott þvottahús er innan íbúðar með glugga. Stutt í verslanir og skóla. Verð 19,9m

Óskum eftir

Óskum eftir 4ra herbergja íbúð í Ásahverfinu í Garðabæ. Staðgreiðsla í boði. Upplýsingar gefur Helgi Jón.

Vesturvör - Atvh. - Til Leiga

Til leigu mjög gott 603 fm atvinnuhúsnæði í Vesturbæ Kópavogs. Tvennar góðar innkeyrsludyr, skrifstofa, starfsmannaaðstaða, flísalagður salur. Uppl. gefur Þorbjörn Helgi s. 896-0058.

Skipalón 16-20 • Hafnarfirði

- Fimmtugir og eldri, nú er lag! -

Mjög hagstætt verð • Vandaður frágangur.

Full innréttuð sýningaríbúð. Hagstæð 70 til 90% lán frá Íbúðalánasjóði geta fylgt með.

Glæsilegar og sérlega vandaðar íbúðir, vel staðsettar með góðu aðgengi. Allur frágangur til fyrirmyndar.

- 2ja herb. íbúðir frá 71 m2
- 3ja herb. íbúðir frá 92,2 til 122,2 m2
- 4ja herb. íbúðir frá 127,4 fm til 167,3 m2
- Tvennar svalir á stærri íbúðum, bæði út frá eldhúsi og stofu.
- Frábært útsýni.
- Stórar stofur
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðum, annað inn af hjónaherbergi.
- Þvottaherbergi íi öllum íbúðum.
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara ,05 Yaris ,05 BMW 525 disel ,02 Honda Civic ,97 Renult Kango ,99, Dodge Carvan ,97 og Nissan Primera ,99, almera ,99, Peugot 306 ,98. Kia Spotage ,00, Jeep Grand Cheroke 4,7 ,99 Kaupum bíla í niðurrif.

NET-PARTAR
PARTASALA „NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

VW, Skoda, Audi.
S. 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

555 6666
Partahúsið erum að rífa Bens 200 Compreser árg ,05, Bens CLS 500 ,04, H1 Bensín ,99, I30 ,08, Berglingo ,04, Partner ,04, Galant ,97-02, Audi A4 ,96-03, Caddy ,99-07, Man TGA 530 ,05, Og fl. bílar. Hvaleyrarbraut 20, Hfj.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR

Dekkjavélar
Affelgunar og Ballancevélar, einnig tveggjapósta bílalyftur. S: 696-1050 okspares.os@simnet.is

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA
- HELLULAGNIR
- SNJÓBRÆÐSLUR
- MALBIKSVIÐGERÐIR
- DRENLAGNIR
- HLEÐSLUR

HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir
Skemmuvegur 34 Brún gata
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Alhliða garðaþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Hjörleifur S. 844 6547
Róbert S. 866 9767

Þurf að gera eitthvað í garðinum?
GARÐAR BEST
gardarbest.is - sími 698 9334

Trjáklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Garðar best ehf s. 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

Sælugarðar
- Garðsláttur
- Garðaúðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að *kostnaðarlausu!*
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

HreinirGarðar
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun ofl.

S.571-2000

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Gardlist.is

GARÐLÍF
Tökum að okkur garðslátt, trjáklippingar, beðahreinsun, trjáfellingar, þökulagnir og allt sem viðkemur garðinum
Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
Láttu okkur sjá um garðinn
S. 691 9151

Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Bókhald

FRAMTAL 2010
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí. Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Skattaframtal 2010
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Fjármál

REGIS

Rekstrar- og fjármálaráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga, í samstarfi við lögfræði-, skatta- og bókhaldsstofur. Einnig útreikningar og gagnaöflun vegna greiðsluaðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796,www.regis.is

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

PVC - U
PLAST GLUGGAR
& HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Smíðum eftir máli
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

Parketslípun & lökkun
Árataga reynsla
Tilboð að kostnaðarlausu
Parketstöðin ehf
s. 848 0891 og 894 0891
VISA
Kortalán

RENNUR & NIÐURFÖLL

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Steingæði ehf viðhaldsþjónusta
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Fljót og góð vinnubrögð. Komum og gerum tilboð að kostnaðarlausu.
Steingæði Uppl. í síma 899 2924
VISA - EURO - MASTER

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

LP VERK
SÍMI: 698 6738
Allar almennar húsaviðgerðir !!
Múrarar
Smiðir
Flísalagnir
Málarar
Rafvirkjar
Píparar
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu !
WWW.LP-VERK.IS

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Ryð og lekavarnir á þökum!
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Varist kostnaðarsamar framkvæmdir. Byggingarfélagið Reisir. S. 773 4441.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

Stíflujónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Vantar þig að láta gera við tölvu? Þá erum við rétta fólkið! Hafðu þá samband við okkur í síma 8665000 eða á netfangið asdisjenna@simnet.is

Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 845-9969

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Very good massage for men. Gsm. 690 9182.

Gott nudd - good massage. S. 857 5015 & 857 4850.

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Láttu spá fyrir þér beint á netinu. Live readings. www.spamidill.is

Rafvirkjun

LOFTNET
UHF loftnet ódýrast fyrir allar íslenskar stafrænar rásir. Góð lausn eftir aftengingu „Breiðbands“. Rafeindameistarinn ehf 898 4484

Viðgerðir

Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Önnur þjónusta

Öll almenn
ÁLSMÍÐI OG ÁLSUÐUR
Nýsmíði og viðhald
ÁLHEIMAR
NÝSMÍÐI - VIÐHALD - ÁL & STÁL
Vesturhraun 3 - 210 Garðabær - S. 565 0770
efsir@efsir.is

Tanka og pallaviðgerðir - Viðgerðir á ál-vélahlutum - Kerru viðgerðir - Öll almenn ál og ryðfrí smíði - 5 met. innkeyrsluhurðir - Árataga reynsla.

KEYPT & SELT

Til sölu

Stamping Nail Art. Sími 897 0584 & 578 5520. Heimilisfang Smiðjuvegi 4(Græn Gata).

Tveir ónotaðir Víking björgunarbúningar til sölu, og rekakker fyrir skútur og handfæra báta, viðurkennt. Uppl. s. 897-1071.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPI GAMLA MYNT OG SEÐLA - Gull og minnispeninga Sigurður 8251016

Loftpressa óskast
Vantar 2500-3500 L af loftpressu. Uppl í s. 770 4477

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Viltu flotta verönd ?
Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 16 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660, Ólafur
www.betripallar.com

Til sölu Undirsláttarefni undir plötu, dregarar, járnstoðir, dokar, setur, 2*4, 1*6 og vinnuskúr. S. 663 4736

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Óska eftir plötuvagni /gifsborði. S. 8637249.

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

www.toppform.is Lestu árangurssögurnar okkar á www.toppform.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Heilnudd
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
www.hairandbodyart.net
Sími 551 2042 / 694 1275

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

SPA - DREAM OASIS
Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

Tailenskt heilsunudd. Joom nuddari, Bolholti 4. S. 892 3899.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Er þvottavélin biluð ?
Höfum til sölu yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar, tökum bilaðar uppí. Einnig fjarlægjum við þvottavélar og stærri heimilistæki. Endurgjaldslaust. En einnig getum við greitt fyrir biluð tæki. Síðumúli 37. S. 847 5545. Opið alla daga frá 12-18.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Söðlasmiðurinn í mosó. Tökum að okkur viðgerðir á reiðtygjum og fleira. S. 661 8864. Opnunartími 13-18.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, bði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu herbergi á besta stað í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, bði og þvottahúsi. uppl. í síma 5521225 eða6909202

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

SKAMMTÍMALEIGU
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óska eftir snyrtilegri 2ja herb. íbúð frá 1.júní. S:898-0905

Sumarbústaðir

Sumarbústaðarlönd til sölu.
Fallegar lóðir í landi Kílhrauns á Skeiðum, 19km austan Selfoss. Vegur, kalt vatn, rafmagn og sími að lóðamörkum. Lóðirnar eru frá 5000fm-11.600fm og kosta frá 1.800.000kr
Hafið samband í síma 824 3040 Hlynur. Heimsíðan er: www.kilhraunlodir.is

Atvinnuhúsnæði

Félagasamtök óska eftir að kaupa hentugt og ódýrt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Þarf að rúma litla verslun, skrifstofu, bókasafn og fundaaðstöðu (ca. 100-150 fm.) Aðgengi fyrir hjólastóla æskilegt.
Afhending eftir samkomulagi og öllum tilboðum verður svarað.
Vinsamlegast sendið okkur póst á netfangið info@leiklist.is

2 herb. íbúð í einbýlishús í Seljahverfi til leigu uppl. s. 69822611

Til leigu Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeyrsluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð og 25 og 45 fm. Vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

ATVINNA

Atvinna í boði

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ
www.115.is

Öryggisfélagið
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vilt þú vinna lítið og hafa lítil laun? Uppl í s 77 321 00

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir úthringjurum til starfa á kvöldin. Góð laun fyrir rétta aðila. Umsóknir berist á gisli@tmi.is

Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 862 7657 - 865 5795.

Karlmaður óskar eftir vinnu. Er vanur vörubílaakstri, krana, hjólaskóflu, lyftara og fleira. Er einnig vanur járnsmíðavinnu. Get byrjað strax. Upplýsingar í síma 8963331.

Viðskiptatækifæri

Hárgreiðslustofan Xtra hár við Stigahlíð 45-47 er nú til sölu. Leigusamningur getur fylgt í núverandi húsnæði. Allar nánari upplýsingar veitir Jón Gretar Jónsson lögg. fasteignasali í síma 617-1800

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

FROST
Fyrrverandi viðskiptavinir
A.Karlsson
takið eftir:

Við viljum benda fyrrverandi viðskiptavinum A.Karlsson á að nú geta þeir snúið sér beint til Frost til að fá þjónustu.

Vinsamlegast hafið samband í
síma 464-9400.

Nánari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu okkar sem er
www.frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.

Ýmislegt

Ég Sigurður Hafliði Árnason á afmæli í dag. Í tilefni dagsins mun ég bjóða öllum sem vilja í bíltúr á fína jeppanum mínum. Á meðan á bíltúrnum stendur mun ég segja sögur af þeim jeppum sem ég hef átt í gegnum tíðina. Áhugasamir hafið samband í síma 8258198

Einkamál

Spjalldömur 908 1616
Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.
908 1616.

Frábær ný upptaka: Ung kona sem hefur tekið vel á því í ræktinni undanfarið skoðar sjálfa sig í spegli og skemmtir sér í framhaldinu í ljúfum og spennandi einleik. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8667

Kona með hlýja og yndislega rödd vill kynnast karlmanni á miðjum aldri með ljúfa stund í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8607.

Fullorðinn karlmaður vill kynnast mjög heitum karlmanni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8116.

Ógift kona á besta aldri vill spjalla við ógiftan mann um sextugt. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8533.

Atvinna

Skóviðgerðir
Óska eftir að ráða mann við skóviðgerðir.
Þarf helst að vera með reynslu eða próf í skóviðgerðum.
Þarf að vera stundvís, reglusamur, geta unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð í starfi.
Umsóknir sendist á skoarinn@simnet.is

Þjónusta

Sólpallasmíði, sólpalla slipun, parketlagnir, parketslípun, viðgerðir og viðhald
Sérsmíði á mdf parketlistum.
Gerum gamla parketið eins og nýtt.
Besta verðið, alltaf !!! 15 ára reynsla.
Skoðið myndir á www.parketplankar.is
7728100

visir.is
"...ég sá það á vísi"

Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Við leitum að góðu fólki
visir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef
Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – visir.is
ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á visir.is í viku

FRÉTTABLAÐIÐ
visir.is
...ég sá það á visir.is

skemmtilegri

FERSK UMGJÖRÐ UM TRAUSTAR FRÉTTIR

KL. 18:30

Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag sameinast um að taka á málefnum líðandi stundar og nálgast þau með þeim hætti sem við á hverju sinni. Saman mynda þessir tveir þættir, ásamt veðri og íþróttafréttum, gagnrýninn en skemmtilegan þjóðarpúls sem ekkert er óviðkomandi.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Matur og heilsa

Hvað eru lífsgæði og heilbrigði? Skiptir þyngd eða holdafar máli? Geta orsakir sjúkdóma tengst mataræði? Getur mataræði haft áhrif á framvindu sjúkdóma? Þessum áleitnum spurningum verður velt upp á málþingi Náttúrulækningafélagsins sem haldið verður á Grand hóteli á morgun og hefst klukkan 20.

Frummælendur eru allir sérfræðingar á sínu sviði. Þeir eru Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í matvæla- og næringarfræði við HÍ, Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir, Íris Judith Svavarsdóttir, sjúkraþjálfari og heilsufræðingur á Heilsustofnun NLFÍ og Hildur Guðmundsdóttir, stofnandi Yggdrasils. Í pallborð bætist Heiða Björk Sturludóttir, sagnfræðingur og umhverfisfræðingur, en hún hefur hjálpað syni sínum með Tourette-heilkenni með breyttu mataræði.

Málþing Náttúrulækningafélagsins hafa jafnan verið vel sótt enda er almenningur sífellt að verða meðvitaðri um gildi góðrar heilsu og þá ábyrgð sem hann ber á henni.

- gun

PRÓFESSOR Í NÆRINGARFRÆÐI Erindi Ingibjargar Gunnarsdóttur nefnist Hvernig verður þekkingin til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DANSAÐ, LEIKIÐ OG SUNGIÐ Stúlknakór Reykjavíkur og Kramhúsið sameinast í stórsýningu í Óperunni síðasta vetrardag.

Tíminn flýgur trúðu mér

Stúlknakór Reykjavíkur og Kramhúsið standa fyrir söng-, dans-, og leiksýningu í Íslensku óperunni síðasta vetrardag, miðvikudaginn 21. apríl, en sýningin er liður í fyrstu Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar.

Um 110 þátttakendur frá sjö ára til tæplega tuttugu ára koma fram en dagskráin samanstendur af sjö dansatriðum og þrettán söngnúmerum ásamt þriggja manna hljómsveit undir stjórn Agnars Más Magnússonar píanóleikara. „Yfirskrift sýningarinnar er Tíminn flýgur trúðu mér! og minna börnin foreldra á hversu dýrmæt samvera fjölskyldunnar er“ að því er segir í tilkynningu.

Stúlknakórinn kemur fram undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur og stjórnandi Kramhússins er Hafdís Árnadóttir. Þær hafa báðar starfað mikið með börnum og eiga 25 ára samstarfsafmæli um þessar mundir. Hvor um sig hefur sett upp fjölsóttar árlegar sýningar þar sem börn koma fram og fagna nú þessu tækifæri til samstarfs með stórsýningu. Sýnt verður klukkan 18 og 20 en miðasala fer fram í Íslensku óperunni.

- ve

512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Óþægilegar áskoranir

BAKÞANKAR
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Joan Craword var þekkt amerísk leikkona um miðja síðustu öld, þrisvar tilnefnd til Óskarsverðlauna, fjórum sinnum gift, og ættleiddi jafnmörg börn og hjónaböndin voru, háttalag sem virðist ekki síður henta líðandi stund í Hollywood.

ÚR fjarlægð, og jafnvel nálægð, virtist líf Joan með börnunum vænt og gott. Joan fékk hringekju og trúða í stór garðafmæli, talaði fjálglega um bestu stundir dagsins – með börnunum á kvöldin – og lét amerískt sjónvarp mynda sig heima við, mærðarleg sem móðir jörð á svip, með börnin í kringum sig. Það var því nokkuð áfall og vakti mikil viðbrögð þegar dóttir hennar, Christina Crawford, gaf út bók árið 1978, þar sem hún rekur hvernig móðir hennar beitti hana og bróður hennar alvarlegu líkamlegu og andlegu ofbeldi alla þeirra æsku.

VIÐBRÖGÐ margra vina og aðstandenda Joan voru þau að útiloka að Christina gæti verið að segja satt. Marlene Dietrich, Cesar Romeri, Van Johnson og fleiri stjörnur þessa tíma sögðu að ofbeldi hefði aldrei átt sér stað. Barnfóstrur, eldabuskur og starfsfólk hússins, auk einhverra samstarfsmanna Joan, svo sem Bette Davis, studdu hins vegar frásögn Christinu og fræg kvikmynd var gerð eftir bókinni, Mommie dearest, árið 1980.

CHRISTINA er ekki fyrsta né síðasta fórnarlamb ofbeldis, sem lendir í því að vera ekki trúað. Slíkt gerist oftar en ekki, sérstaklega þegar gerendur njóta velgengni í starfi og koma vel fyrir út á við. Það er oft erfiðast að taka til heima hjá sér, og auk heldur fljótlegast að blása burt því óskemmtilega. Mér varð hugsað til Christinu þegar ég skoðaði fjölda þeirra sem hafa skráð sig í hópinn „Segjum nei við ofbeldi gegn konum“ á Facebook (meðlimafjöldi telur yfir 4000) og hversu fyrirhafnarlítið það er að vera góður úr fjarlægð. Það er lítið hlass að lyfta að skrifa sig á hvers kyns undirskriftarlista og gerast meðlimur í „Nei-grúppum“, mun auðveldara en takast á við ómjúklega áskorun.

MESTA áskorunin í baráttunni gegn ofbeldi, og alvöru tækifæri til að breyta heiminum, er þegar ofbeldi uppgötvast í manns eigin ranni. Þegar upp kemst að sonur, bróðir, vinnufélagi eða vinur, hefur beitt ofbeldi. Þá fyrst rennur manns raunverulega ákall upp og maður fær ábúðarfullt tækifæri til að vinna gegn ofbeldi, fordæma það, styðja þolendur þess og fá hjálp handa gerendum. Þetta er enginn þykjustuleikur, enginn takki sem hægt er að smella á sem á stendur „join group“ heldur gamanlaus og erfið vinna. Vert er að hafa í huga að þessi áskorun getur runnið upp hvenær sem er og gerandinn getur verið sá sem þér þykir vænst um. Ert þú tilbúinn?

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



• Alterna

Alterna er nýtt íslenskt farsímafyrirtæki í eigu bandaríska fjarskiptafyrirtækisins IMC Worldcell. Við erum laus við eignatengsl í viðskiptalífinu og viljum brjóta upp staðnaða gervisamkeppni farsímafélaga. Lægsta mínútverð á Íslandi, frítt innan kerfis og gagnsæi í verði.

... svo fólkið í landinu geti talað saman

Borgartúni 28 + Sími 415 3000 + www.alterna.is

alterna

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

THE CRAZIES	kl. 8 - 10.15	16
THE CRAZIES LÚXUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
THE SPY NEXT DOOR	kl. 3.40 - 5.50 - 8	L
DATE NIGHT	kl. 6 - 8 - 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 3.40 - 5.50	L
AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 3.40	L
NANNY MCPHEE	kl. 3.40	10
BOUNTY HUNTER	kl. 10.15	7

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

THE SPY NEXT DOOR	kl. 5.50 - 8	L
CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
DEAR JOHN	kl. 8 - 10.20	L
KÓNGAVEGUR	kl. 5.45 - 8 - 10.15	10
THE GOOD HEART	kl. 5.50	10
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10.10	L

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

DATE NIGHT	kl. 8 - 10	10
PRECIOUS	kl. 6	12

facebook.com/smarabio

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

VIDEOCRAZY	kl. 6 íslenskur texti	12
FOOD INC.	kl. 10 íslenskur texti	L
FANTASTIC MR. FOX	kl. 6 íslenskur texti	L
CRAZY HEART	kl. 5.45 - 10 íslenskur texti	L
UN PROPHÉTE	kl. 6 - 9 enskur texti	16
THE YOUNG VICTORIA	kl. 8 íslenskur texti	12
BURMA VJ	kl. 8 íslenskur texti	12
THE MESSENGER	kl. 10 íslenskur texti	12
THE COVE	kl. 8 íslenskur texti	L

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus









SÝNINGARTÍMAR

THE CRAZIES	8 og 10	16
THE SPY NEXT DOOR	6	L
DATE NIGHT	8 og 10	10
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	8 og 10	12
AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D	6 - 3D - ÍSL TAL	L
NANNY MCPHEE THE BIG BANG	5.50	L

SVALASTA MYND ÁRSINS ER KOMIN!
AARON JOHNSON CHRISTOPHER MINTZ-PLASSE MARK STRONG CHLOË GRACE MORETZ AND NICOLAS CAGE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

KICK ASS	kl. 5:30 - 8 - 8:10 - 10:30 - 10:50	14
KICK ASS	kl. 6:30 - 9:40	VIP
CLASH OF THE TITANS	kl. 8(3D) - 10:30(3D)	12
AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ísl. Tali	kl. 5:50(3D)	L
AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ísl. Tali	kl. 5:50	L
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
WHEN IN ROME	kl. 5:50	L
THE BLIND SIDE	kl. 8	10
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 10:30	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

KICK ASS	kl. 8 - 10:20	14
CLASH OF THE TITANS - 3D	kl 8 - 10:20	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

KICK ASS	kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D	14
CLASH OF THE TITANS 3D	kl. 8:10(3D) - 10:30(3D)	12
CLASH OF THE TITANS	kl. 5:40 -10:30	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 8:10	12
AÐ TEMJA DREKANN 3D M/ísl. Tali	kl. 6(3D)	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

HOT TUB TIME MACHINE	kl. 8 - 10:10	12
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8	12
CLASH OF THE TITANS	kl. 10:10	12

Richard Griffiths úr Harry Potter myndunum í aðalhlutverki
The Habit of Art
nýtt leikrit eftir Alan Bennett

Traveller NT Live
LEIKRIT Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÓRA TJALDIÐ!
22. apríl kl. 17.30
Frá sviði á stóra tjaldið í Sambíóunum Kringlunni beint frá National Theatre, London

Stuttmyndadagar að hefjast

Hinir árlegu Stuttmyndadagar verða í haldnir þann 31. maí en frestur til að skila inn myndum rennur út 3. maí. Baldvin Z, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Vera Sölvadóttir sitja í dómefndinni í ár en veitt verða peningaverðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin: sigurvegarinn fær hundrað þúsund krónur, myndin sem lendir í öðru sæti fær 75 þúsund og þriðja sætið hlýtur fimmtíu þúsund.

Allar nánari upplýsingar og reglur um myndirnar er að finna á vefsíðu hátíðarinnar, stuttmyndadagar.is. Skipuleggjendur hátíðarinnar vilja vekja sérstaka athygli á því að myndirnar mega ekki vera lengri en fimmtán mínútur og að Íslendingar verða að vera í lykilstörfum og/eða hlutverkum.

Venju samkvæmt verða sérstök áhorfendaverðlaun veitt og þá mun Sjónvarpið sýna verðlaunamyndirnar. Leikstjóra sigurmyndarinnar verður síðan boðið á Short Film Corner sem haldið er ár hvert í kringum Cannes-hátíðina. Stuttmyndahátíðin hefur verið haldin síðan 1991 en þar hafa margir

Í DÓMNEFND Baldvin Z, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Vera Sölvadóttir skipa dómnefnd stuttmyndadaga í ár. Skilafrestur mynda er til 3.maí.

af fremstu leikstjórum þjóðarinnar stigið sín fyrstu skref. Nægir þar að nefna Ragnar Bragason, Grím Hákonarson, og Reyni Lyngdal.

Varúð: Heiladauði

Kvikmyndir ★

The Spy Next Door

Leikstjóri: Brian Levant

Aðalhlutverk: Jackie Chan, Magnús Scheving, Madeline Carroll, Will Shadley

The Spy Next Door er asnalegasta, leiðinlegasta og tilgangslausasta Jackie Chan-mynd sem maður hefur séð og á meðan undir henni er setið er óhjákvæmilegt að spyrja sig hvenær fólk fatti hversu sjúklega þreytt það er orðið að horfa á Chan lumbra á vondum köllum með reiðhjólum, ísskápum og alls konar heimilistækjum? Chan hefur þó sem betur fer einhvern sjarma sem bjargar þessum ósköpum frá því að fá feita hauskúpu.

Að þessu sinni leikur Chan Bob Ho, klaufalegan ljúfling, sem hefur fyrir einhver undur og stórmerki náð að heilla nágrannakonu sína sem er bráðhugguleg, einstæð þriggja barna móðir. Börnin þrjú leggja vitaskuld fæð á hallærislega Kínverjann í næsta húsi. En þau vita líka ekkert um að undir sauðagæru aulans leynist ofurnjósnari sem er jafnvel klárari en James Bond. Þetta breytist allt þegar mamma þarf að bregða sér burt og voða vondur Rússi, sem Magnús Scheving leikur, leggur til atlögu við Ho og börnin til þess að varðveita leynilega efnaformúlu sem hann ætlar að nota til þess að eyða öllum olíubirgðum heimsins. Þá þarf nú Bob heldur betur að sýna hvað í honum býr og heillar um leið börnin þegar hann lumbrar á útsendurum Íþróttaálfsins með pottum, pönnum og klappstólum.

KLAUFI Jackie Chan leikur klaufalega ljúflinginn Chan Bob Ho í þessari slæmu mynd.

Hér á landi er myndin merkilegust fyrir þær sakir að einn af glæsilegustu sonum Íslands leikur illmennið. Magnús Scheving er þarna, illu heilli, alveg eins og fábjáni í ömurlega skrifaðri rullu meinlausasta illmennis sem sögur fara af. Þá skartar hann einhverjum glataðasta rússneska hreim sem heyrst hefur í bíó en virðist sem betur fer gera sér grein fyrir því.

Gaurinn er hins vegar auðvitað kattliðugur og er hress í slagsmálunum við Chan þótt leikfimiæfingarnar sem hann sýnir í átökunum séu margar hverjar vægast sagt kunnuglegar.

Það má því ekki taka það af Magnúsi að hann er flottur gaur og hann er merkilega ábúðarmikill á meðan hann þegir og vissulega getum við svo reynt að hugga okkur með því að hann er hugsanlega ekki að leika neitt illa.

Kannski er hann bara að fylgja handritinu og fyrirmælum afdankaðs leikstjórans með illbærilegum hallærislegheitunum.

Svo allrar sanngirni sé svo gætt er rétt að láta þess getið að 11 ára álitsgjafi minn sagði myndina „æðislega“ og hann ætti erfitt með að trúa því að skúrkurinn væri Íþróttaálfurinn vegna þess að hérna væri hann miklu meira „kúl“. Þetta er því í fínu lagi fyrir börnin en fullorðnir gætu orðið fyrir tímabundnum heilaskaða við það að fara með börnunum í bíó.

Þórarinn Þórarinsson

Niðurstaða: Leiðinlegt og innantómt drasl sem virkar fyrir börn en er beinlínis skaðlegt fullorðnum. Sjarmi Jackie Chan bjargar því sem bjargað verður en Magnús Scheving nælir sér ekki í neinar rósir í hnappagatið.

Kvikmyndir ★★★★

Crazy Heart

Leikstjóri: Scott Cooper

Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Colin Farrell, Maggie Gyllenhaal, Robert Duvall, og Beth Grant.

Stórleikur Jeff Bridges

Crazy Heart fjallar um tónlistarmanninn Bad Blake sem má muna fífil sinn fegurri. Óskarsverðlaunahafinn Jeff Bridges fer með hlutverk hinnar tragíkómísk andhetju, Bad Blake, sem eytt hefur ævinni í drykkjuskap, kvennafar og tónleikahald í afskekktum smábæjum í Suðurríkjunum. Hann dreymir um að rísa aftur til frægðar og með aðstoð blaðakonunnar Jean, sem leikin er af Maggie Gyllenhaal, reynir hann að koma lífi sínu í réttan farveg á ný en uppgötvar í leiðinni hversu hart lífið getur leikið gamlan mann.

Bridges hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í kvikmyndinni og réttilega svo því hann er sérstaklega sannfærandi sem hinn lánlausi tónlistarmaður Bad Blake og án hans hefði myndin eflaust ekki náð sömu hæðum.

Þetta er frumraun leikstjórans Scotts Cooper, en hann starfaði áður sem leikari um tíu ára skeið þar til hann sneri sér að leikstjórn. Crazy Heart hefur fengið frábæra dóma víða og er vel þess virði að sjá, þó ekki sé nema til að vitna frábæran leik Bridges.

Sara McMahon



Niðurstaða: Góð kvikmynd með hreint frábærum leikara.

Í LEIKLIST Lourdes á að hafa sótt um í leiklistarnám í New York.

NORDICPHOTOS/GETTY

Lærir leiklist

Lourdes, dóttir söngkonunnar Madonnu, mun að öllum líkindum hefja leiklistarnám við LaGuardia-skólann í New York. Talsmaður Madonnu segir fjölskylduna búsetta í New York en veit ekki til þess að Lourdes hafi sótt um inngöngu í LaGuardia. Orðrómur þess efnis hefur þó farið um skólann eins og eldur um sinu. „Ég heyrði að hún hefði fengið einkainntökupróf, ólíkt okkur hinum, sem mér þykir óréttlátt. LaGuardia er frábær skóli en stundum er eins og þau vilji vera meira eins og skólinn í þáttunum Fame,“ var haft eftir einum nemenda skólans.

Óttar með hjartaknúsara á tökustað

Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður má búa sig undir mikla ásókn ungra kvenna á nýjasta tökustaðinn sinn. Óttar, sem hefur verið ráðinn tökumaður kvikmyndarinnar Love, Wedding, Marriage, getur vænst þess að paparazzar mun sitja um aðalleikara myndarinnar sem heitir Kellan Lutz. Ef til vill hringir þetta nafn engum bjöllum hjá karlkyns lesendum Fréttablaðsins en aðdáendur Twilight-kvikmyndanna ættu að kveikja á perunni því hann leikur Emmet Cullen, vampírubróður Edwards Cullen, í þessum ofurvinsæla kvikmyndaflokki.

Samkvæmt erlendum fréttamiðlum eiga tökur að hefjast hinn 19. apríl í Louisiana en leikstjóri myndarinnar er leikarinn Dermot Mulroney og er þetta fyrsta leikstjóraverkefni hans. Óttar og Dermot hafa áður unnið saman því Mulroney lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Inhale eftir Baltasar Kormák sem Óttar tók einnig upp. Fjármögnun myndarinnar hefur gengið nokkuð brösuglega ef marka má það sem bandarískir kvikmyndavefmiðlar hafa skrifað um hana en þau mál hafa víst verið leyst. Upphaflega stóð þó til að Christopher Walken og Jessica Alba yrðu í helstu hlutverkum en í stað þeirra eru nú komin þau Mandy Moore, Jane Seymour og James Brolin, eiginmaður Barböru Streisand. Sumar vefsíður vísa því þó ekki á bug að Alba muni bætast í hópinn. - fgg

TIL HOLLYWOOD Óttar Guðnason mun taka upp kvikmyndina Love, Wedding, Marriage sem Kellan Lutz og Mandy Moore leika í. Lutz þessi er ein eftirsóttasta stjarnan í Hollywood enda leikur hann stórt hlutverk í Twilight-kvikmyndunum vinsælu.

Hudson með stærri brjóst

Fólk veltir því nú fyrir sér hvort Kate Hudson hafi farið í brjóstastækkun. Leikkonan, sem hefur státað sig af smávöxnum barmi sínum, sást við sundbakka fyrir stuttu og virkaði barmur hennar eilítið stærri. „Ég er með lítil brjóst, augljóslega. Það er ágætt að geta klæðst flegnum flíkum og samt verið elegant," sagði Hudson árið 2002. Vinur leikkonunnar vill þó meina að hún hafi ávallt verið óörugg með smæð brjósta sinni þótt hún slái því upp í grín og því komi fréttin honum ekki á óvart.

ELDGOSIÐ

Stjörnurnar sleppa ekki við eldgosið í Eyjafjallajökli. Söngdívan **Whitney Houston** neyddist til að taka ferju til Dublin eftir að flugi hennar var aflýst. Næstu tónleikar Houston eru í London þannig að hún þarf að sætta sig við ferjuna á ný.

Mjóróma söngvarinn **Mika** frestaði tónleikum sínum í Portúgal á föstudag þar sem hann var fastur í París sökum eldgossins.

Breski söngvarinn **Gary Numan** átti að koma fram á Coachella-hátíðinni í Kaliforníu um helgina, en komst hvorki lönd né strönd frá London. Í kjölfarið lét hann hafa eftir sér að það síðasta sem hann hefði átt von á væri að heyra að eldfjall kæmi í veg fyrir að hann kæmist til Bandaríkjanna.

Óvíst er hvort blaðamannafundir fyrir tvær af stærstu kvikmyndum sumarsins, Iron Man 2 með **Robert Downey Jr.** og Robin Hood með Russell Crowe í aðalhlutverki geti farið fram í London um næsta helgi. Af hverju? Jú, eldgosið.

Framleiðendur nýjustu Disney-myndarinnar Oceans komust ekki á frumsýninguna í Hollywood þar sem fluginu þeirra var aflýst. Hinir fjölmörgu aðdáendur framleiðendanna þurftu því að sætta sig við það.

Og Idol-stjarnan **Adam Lambert** kemst ekki til Evrópu frekar en aðrir. Hann ætlaði að kynna plötuna sína næstu daga og kannski taka lagið hér og þar, en situr nú heima með sárt ennið.

REGENOVEX
Ný kynslóð af liðvernd

NÝTT

Regenovex hentar öllum sem leita að bættri heilsu í liðum en kjósa náttúlegar lausnir fram yfir lyf m.a. vegna mögulegra aukaverkana þeirra.

Einstök samsetning Regenovex

Hýalúrónsýra
Viðheldur heilbrigðum liðum og liðleika

Hýalúrónsýra er lykilefni í brjóski og í liðvökvanum í liðamótum. Hýalúrónsýra er talin auka virkni liðvökvans sem virkar smyrjandi og höggdeyfandi á liðina. Með aldrinum gengur á þessar birgðir og með því að taka inn Regenovex endurhlöðum við þessar birgðir líkamans.

Bionovex olía
Hefur bólgueyðandi eiginleika

Þegar magn og gæði liðvökvans sem umlykur liðina er ekki nægjanlegt geta beinin í liðnum farið að nuddast saman, mynda bólgur og valda sársauka. Bionovex olían er unnin úr grænkræklingi og er því náttúruleg. Bionovex olían inniheldur einstaka omega 3 olíu sem finnst aðeins í þessari tegund grænkræklings og hefur sýnt bólgueyðandi eiginleika.

Því hreyfing á að veita unað ekki sársauka

Almennt um liðverki

Vandamál í liðum skapast með áreynslu á liðina sem með tímanum geta skemmt liði og/eða brjósk og valdið óþægindum og sársauka.

Hýalúrónsýra er meginefni í liðvökvanum sem umlykur beinin og brjóskið og höggverndar beinin í liðnum.

Hýalúrónsýran virkar sem smurning og höggdeyfir á liðina og bætir liðleikan.

Þegar við eldumst framleiðir líkaminn minna magn af Hýalúrónsýru sem leiðir til þess að magn liðvökvans fer minnkandi og er í kjölfarið ekki eins áhrifaríkur í að hlífa liðum við minniháttar höggum og áreynslu sem leiðir til þess að flísast getur úr beinunum.

Fæst í apótekum

Kynntu þér málið á regenovex.is og fáðu sent frítt sýnishorn

> Næstu landsliðsverkefni í júní

Næstu landsleikir Íslands verða í júní. Danir heimsækja okkur og leika tvo leiki sem fram fara 8. og 9. júní. Strákarnir okkar halda svo til Brasilíu og mæta heimamönnum í tveimur æfingaleikjum 16. og 18. júní. Brasilíumenn eru að berjast um sæti á HM í Svíþjóð á næsta ári og buðu Íslendingum í heimsókn til að búa sig undir þá baráttu. Íslendingar tryggðu sér sæti á HM með því að ná bronsinu á EM í Austurríki.

sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON: ÍSLENSKA LIÐIÐ GAF VEL EFTIR SÍÐUSTU MÍNÚTURNAR Á LAUGARDAG

Getum verið nokkuð sáttir og lærum af þessu

Strákarnir okkar töpuðu með þriggja marka mun fyrir Frakklandi 28-31 á laugardag í öðrum vináttulandsleik þjóðanna á jafnmörgum dögum. Franska liðið var öflugra á lokasprettinum á laugardag.

„Við lærum af þessum leikjum og höldum áfram að þróa okkur. Við vorum að spila við frábært lið og í heildina getum við verið nokkuð sáttir," sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson eftir seinni leikinn. Gekk það upp sem Guðmundur var að prófa í leiknum?

„Það tókst að hluta til vel en að hluta til illa. Fyrri hálfleikurinn var mjög góður og þá sérstaklega sóknarlega. Síðari hálfleikur var alls ekki nægilega góður. Við fengum á okkur of mikið af mörkum. Við gáfum vel eftir síðustu tíu mínúturnar. Það var of mikið af mistökum og við vorum að reyna línusendingar sem ganga aldrei upp á móti þeim."

Ísland var yfir lengst af yfir í fyrri hálfleik og náði mest þriggja marka forystu. Staðan í hálfleik var jöfn 15-15 en á lokakaflanum reyndust gestirnir sterkari.

„Því miður fór þetta eins og þetta fór. Við nýttum ekki upplagt tækifæri til að komast yfir og það var dýrt. Það misfórst dauðafæri og var það vendipunkturinn í leiknum að mínu mati. Á svipuðum kafla vorum við einum fleiri og nýttum það illa, fengum á okkur mörk strax. Svo kom hraðaupphlaup í kjölfarið þar sem við vorum ekki vakandi. Þetta var um átta mínútna kafli sem ég var óánægður með og þá gerðu þeir út um leikinn," sagði Guðmundur.

Ólafur Stefánsson var markahæstur hjá Íslandi með átta mörk en Arnór Atlason skoraði sex. „Við erum komnir nær þeim. Það mikilvægasta sem við getum tekið út úr þessu er að við getum staðið í þeim. Það hefur vantað í hausinn á okkur í síðustu leikjum á móti þeim," sagði Arnór eftir leikinn. „Þetta eru helvíti góðir handboltamenn en það þarf ekki töfrabrögð til að stöðva þá."

BUTTON Með kampavín. NORDICPH/GETTY

Kappaksturinn í Kína:

Annar sigurinn hjá Button

FORMÚLAN Bretinn Jenson Button á McLaren fagnaði sigri eftir kínverska kappaksturinn í gær. Veðurguðirnir tóku virkan þátt í keppninni og dekkjaskipti voru tíð. Button var í forystu nær allan tímann en Lewis Hamilton kom annar í mark, aðeins 1,5 sekúndum á eftir. Nico Rosberg varð í þriðja sætinu.

Þetta var annar sigur Buttons í fyrstu fjórum mótum ársins og er hann með forystu í heildarstigakeppninni, hefur 60 stig en Rosberg er í öðru sæti með 50. - egm

Titilvonir Arsenal horfnar:

Úr sögunni

FÓTBOLTI „Það var agaleysi og skortur á einbeitingu hjá mínum leikmönnum," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir tap gegn Wigan í gær. Arsenal var tveimur mörkum yfir í leiknum en Wigan átti magnaða endurkomu.

Arsenal er nú sex stigum á eftir toppliði Chelsea og aðeins níu stig eftir í pottinum. „Það eina sem við getum gert er að reyna að vinna næsta leik. Manchester City og Tottenham eiga enn möguleika á að ná okkur svo við verðum að vinna allavega einn leik í viðbót," sagði Wenger svekktur eftir leik. - egm

Valsstúlkur unnu fyrsta leikinn með naumindum

Valur tók á móti Fram í fyrstu viðureigninni um Íslandsmeistaratitil kvenna. Heimastúlkur unnu þar nauman sigur en þrjá leiki þarf til að verða meistari.

HANDBOLTI Valsstúlkur sigruðu Fram, 20-19, í fyrsta slag Reykjavíkurliðanna í úrslitaviðureign N1-deildar kvenna í handbolta. Leikurinn fór fram í Vodafonehöllinni og náðu Valsstúlkur að klára leikinn undir lokin en þær voru ávallt skrefinu á undan Fram í leiknum.

„Þetta var ansi sárt og svekkjandi tap. Mér fannst við alltaf vera að bíða eftir því að við myndum stíga upp en það gerðist ekki. Þær áttu þetta skilið í dag. Við höfum oft spilað betur en við spiluðum heldur ekkert illa. Okkur vantaði bara þetta extra bæði í vörnina og sóknarleikinn. Þetta var alltof kaflaskipt hjá okkur, stundum vorum við að spila góða vörn og stundum góða sókn," sagði Íris Björk Símonardóttir, markvörður Fram, eftir leikinn í gær.

Íris Björk átti góðan leik í markinu hjá Fram og varði fimmtán skot.

„Ég átti fínan leik en hefði samt átt að verja nokkra til viðbótar sem að ég er mjög sár yfir að hafa ekki tekið. En núna er bara næsta verkefni á þriðjudaginn og mér líst vel á þann leik.

Ég trúi ekki öðru en að við klárum þann leik. Mér finnst við eiga svo mikið inni, Vals-liðið spilaði betur en við í dag en nú er komið að okkur," sagði Íris ákveðin að lokum

„Ég var mjög ánægður með liðið og mér fannst við leiða leikinn nánast allan tímann. Í fyrri hálfleik áttum við fimm eða sex dauðafæri á móti Írisi Björk sem við náðum ekki að nýta og staðan hefði getað verið öðruvísi í hálfleik. Þú getur ekki leyft þér að missa svona mörg færi á móti svona sterku liði eins og Fram," sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals, sáttur eftir sigurinn í gær. Liðin mætast að nýju á þriðjudaginn en Stefán segir að sitt lið megi búast við erfiðum leik.

HÖRÐ TÖK Stella Sigurðardóttir var tekin hörðum tökum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Næsti leikur verður erfiður og örugglega erfiðari en þessi. Nú þurfum við bara að setjast niður í kvöld og fara yfir þennan leik og skoða hvað má fara betur. Vörnin gekk vel upp hjá okkur í dag og sóknarleikurinn var ágætur á köflum. En við vitum það að okkar styrkur er markvarsla, vörn og hraðaupphlaup en við ætlum aðeins að skoða sóknarleikinn," sagði Stefán Arnarson ánægður í leikslok. - rog

Keflvíkingar taka á móti Snæfelli í kvöld í fyrstu viðureign liðanna í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn:

Einu sem unnu heima í undanúrslitum

KÖRFUBOLTI „Menn eru ferskir og bíða eftir leiknum," sagði Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, rétt áður en hann fór á æfingu í gær þar sem átti að fínpússa hlutina fyrir fyrsta leik gegn Snæfelli í úrslitarimmunni.

Leikurinn verður í sláturhúsinu í Keflavík og hefst klukkan 19.15 í kvöld.

„Við ætlum okkur að sjálfsögðu sigur í fyrsta leik. Heimavöllurinn hefur verið sterkur hjá okkur í vetur, við erum eina liðið sem vann heimaleik í undanúrslitum," sagði Guðjón en Keflavík lagði granna sína í Njarðvík 3-1 í undanúrslitum.

Þröstur Leó Jóhannsson er meiddur og leikur væntanlega ekki með heimamönnum í kvöld. „Svo hefur Draelon (Burns) verið á öðrum fætinum en hann verður í lagi fyrir leikinn. Hann meiddist aðeins á móti Njarðvík en það er ekkert sem stoppar hann."

SNÆFELL SÍÐASTA HINDRUNIN Keflvíkingar lögðu granna sína í Njarðvík í undanúrslitum en þessi mynd er úr öðrum leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snæfellingar komust í úrslitaeinvígið með því að leggja KR í hörkuspennandi einvígi í undanúrslitum. Snæfell vann oddaleikinn í DHL-höllinni en Guðjón var ekki mikið að spá í þeim leikjum.

„Ég fylgdist vel með síðasta leiknum. Maður var ekkert farinn að spá í þessu fyrr en við vorum búnir að tryggja okkur sjálfir áfram. Ég horfði á síðustu tvo leikina en spáði meira í oddaleiknum," sagði Guðjón sem veit vel að hans menn þurfa að sýna sínar bestu hliðar til að leggja Snæfellinga.

„Snæfell er hörkulið. Þeir hafa svaka mannskap og öll lið þurfa að spila mjög vel til að vinna þá. Þeir hafa fína breidd og frábæran útlending sem leikstjórnanda. Þeir hafa mörg vopn og svo bindur Hlynur (Bæringsson) þá saman varnarlega."

Hann býst við góðri mætingu á leikinn í kvöld. „Ég trúi ekki öðru en að fólk komi á svona leiki. Þetta er það sem þetta snýst um svo ég býst við að hann verði þétt setinn bekkurinn hjá okkur," sagði Guðjón.

Annar leikur liðanna verður á fimmtudagskvöld í Stykkishólmi og svo verður aftur farið yfir til Keflavíkur á laugardag. Það lið sem nær að vinna þrívegis hampar Íslandsmeistaratitlinum. - egm

ÚRSLITIN

Vináttulandsleikur

Ísland - Frakkland 28-31 (15-15)
Mörk Íslands: Ólafur Stefánsson 8/4 (9/4), Arnór Atlason 6 (8), Róbert Gunnarsson 3 (5), Alexander Petersson 3 (6) Vignir Svavarsson 3 (5), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (4), Sturla Ásgeirsson 1 (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 15/2

Úrslitakeppni kvenna

Valur - Fram 20-19 (9-7)
Mörk Vals (skot): Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5/2 (9/2), Ágústa Edda Björnsdóttir 4 (6), Arndís María Einarsdóttir 2 (2), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (3), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (5), Hrafnhildur Skúladóttir 2 (7/1), Katrín Andrésdóttir 1 (3), Kristín Guðmundsdóttir 1 (3), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (4).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 15/1
Hraðaupphlaup: 3 (Rebekka, Hildigunnur, Arndís)
Fiskuð víti: 3 (Anna 2, Hildigunnur)
Utan vallar: 4 mín.

Mörk Fram (skot): Pavla Nevarilova 5 (5), Karen Knútsdóttir 4/1 (13/1), Marthe Sördal 3 (3), Stella Sigurðardóttir 3 (9), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (5/1), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (6).
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 15/1
Hraðaupphlaup: 5 (Pavla 2, Karen, Stella, Marthe)
Fiskuð víti: 2 (Karen, Stella)
Utan vallar: 4 mín.

Dómarar: Arnar Sigurjónssomn og Svavar Ólafur Pétursson, áttu fínan dag.

Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN - EVERTON 2-3
0-1 Mikel Arteta (3.), 1-1 Steven N'Zonzi (68.), 1-2 Yakubu Aiyegbeni (78.), 2-2 Jason Roberts (80.), 2-3 Tim Cahill (89.).
MAN CITY - MAN UNITED 0-1
0-1 Paul Scholes (92.).
STOKE - BOLTON 1-2
1-0 Dave Kitson (12.), 1-1 Matthew Taylor (84.), 1-2 Matthew Taylor (87.).
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir Bolton.
SUNDERLAND - BURNLEY 2-1
1-0 Fraizer Campbell (24.), 2-0 Darren Bent (40.), 2-1 Steven Thompson (81.).
TOTTENHAM - CHELSEA 2-1
1-0 Jermain Defoe (14.), 2-0 Gareth Bale (43.), 2-1 Frank Lampard (91.)
Eiður Smári Guðjohnsen kom inn sem varamaður hjá Tottenham á 78. mínútu
PORTSMOUTH - ASTON VILLA 1-2
1-0 Michael Brown (9.), 1-1 John Carew (16.), 1-2 Nathan Delfouneso (81.).
WIGAN - ARSENAL 3-2
0-1 Theo Walcott (40.), 0-2 MikaÃ«l Silvestre (47.), 1-2 Ben Watson (79.), 2-2 Titus Bramble (88.), 3-2 Charles N'Zogbia (90.)

STAÐAN:

Chelsea	**35**	**24**	**5**	**6**	**86-32**	**77**
Man United	35	24	4	7	78-27	76
Arsenal	**35**	**22**	**5**	**8**	**78-39**	**71**
Tottenham	34	19	7	8	62-34	64
Man City	**34**	**17**	**11**	**6**	**69-42**	**62**
Aston Villa	34	15	13	6	48-35	58
Liverpool	**34**	**16**	**8**	**10**	**54-33**	**56**
Everton	35	14	12	9	57-48	54
Birmingham	**35**	**12**	**11**	**12**	**35-43**	**47**
Fulham	34	11	10	13	35-37	43
Stoke City	**34**	**10**	**13**	**11**	**33-37**	**43**
Blackburn	35	11	10	14	37-53	43
Sunderland	**35**	**10**	**11**	**14**	**46-53**	**41**
Bolton	35	9	8	18	38-63	35
Wigan	**35**	**9**	**8**	**18**	**33-66**	**35**
Wolves	35	8	10	17	28-51	34
West Ham	**34**	**7**	**10**	**17**	**41-57**	**31**
Hull City	34	6	10	18	32-70	28
Burnley	**35**	**7**	**6**	**22**	**37-74**	**27**
Portsmouth	35	6	6	23	29-62	15

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

EINN RENNBLAUTUR Hjarta Garys Neville slær með Manchester United og hann var það ánægður með framlag Paul Scholes að hann gaf honum koss. NORDICPH/GETTY

Paul Scholes tryggði United sigur í grannaslagnum:

Hélt titilvonunum á lífi og fékk koss

FÓTBOLTI „Ef við hefðum ekki náð sigri væri von okkar um titilinn nánast farin," sagði Paul Scholes eftir að hafa tryggt Manchester United dramatískan sigur á grönnum sínum í City á laugardag. Þessi reynslubolti framlengdi samningi sínum við United um eitt ár fyrir helgi og hélt upp á það með flottum leik og sigurmarki.

„Sum lið spila upp á jafntefli en við reynum alltaf að sigra. Það gerði það að verkum að við náðum þessu marki," sagði Scholes.

Kappið bar fegurðina annars ofurliði í leiknum en rétt eins og þegar liðin mættust á Old Trafford voru það þeir rauðu sem skoruðu sigurmark þegar komið var fram í uppbótartíma.

„Við hefðum verið í mjög erfiðri stöðu ef við hefðum ekki unnið. Mér fannst við klárlega eiga skilið að vinna leikinn, það er engin spurning. En mér fannst ekki vera mark á leiðinni," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United. „Ég ákvað að færa Scholes framar og hann var maður leiksins. Hann var frábær. Ryan Giggs og Gary Neville voru líka mikilvægir fyrir okkur. Reynslan skiptir miklu máli á þessu stigi."

Gary Neville fór ekki leynt með ánægju sína eftir leik og smellti kossi beint á munninn á Scholes við mikla gleði enskra fjölmiðlamanna.

Tottenham heldur áfram að gera United greiða, liðið gerði titilvonir Arsenal nánast að engu síðasta miðvikudag og vann svo Chelsea í síðdegisleiknum á laugardaginn. Eftir þessi úrslit er Manchester United aðeins stigi á eftir Chelsea sem trónir á toppnum.

„Titillinn er enn í okkar höndum, við þurfum ekkert að vera hræddir. Við þurfum bara að einbeita okkur að næsta leik sem er gegn Stoke," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea.

Tottenham komst upp í hið eftirsótta fjórða sæti með sigrinum.

„Við þjöppuðum okkur saman eftir tapið í bikarnum og höfum náð tveimur frábærum leikjum. Ákveðnin og vinnusemin var hreint mögnuð í dag," sagði Michael Dawson, varnarmaður Tottenham. - egm

Gosið í Eyjafjallajökli sá til þess að Barcelona gat ekki flogið til Mílanó:

Börsungar í rútuferð til Ítalíu

FÓTBOLTI Leikmenn Barcelona gistu í Cannes í nótt en liðið er í rútuferð á leið til Mílanó. Þeir mæta Inter á morgun í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar.

Börsungar þurftu að breyta ferðaáætlun sinni þar sem þeir gátu ekki flogið til Ítalíu eins og upphaflega var ráðgert vegna gossins í Eyjafjallajökli. Flugvellirnir í Barcelona og Mílanó voru báðir lokaðir í gær. Þeir ferðuðust alls 634 kílómetra í gær í tveimur rútum og gistu í nótt í Frakklandi. Í dag ferðast þeir síðan síðustu 350 kílómetrana.

Í RÚTU Messi og félagar fengu ekki að fara í flug vegna gossins. NORDICPH/GETTY

„Þetta er ekki óskastaða en það eru lið í neðri deildum sem ferðast í rútu í sautján klukkutíma. Undanúrslitaleikur í Meistaradeildinni hjálpar öllum að ná úr sér þreytunni," sagði Pep Guardiola, þjálfari Barcelona.

Talsmaður UEFA sagði í gær að búið væri að tryggja að báðir undanúrslitaleikirnir fari fram á tilsettum tíma. Lyon ferðast frá Frakklandi til Þýskalands einnig með rútum - egm

> Janice Dickinson

„Ég mun aldrei virða viðlits, hvorki karl, konu, grænmeti né steinefni, sem segði mér að halda kjafti."

Ofurfyrirsætan fyrrverandi, Janice Dickinson reynir að þrauka í miðjum frumskógi ásamt öðrum þekktum einstaklingum í þættinum I´m A Celebrity …Get Me Out Of Here sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 18.35.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON FYLGIST SPENNT MEÐ FRÉTTATÍMUM SJÓNVARPSSTÖÐVANNA

Dramatíkin nær hámarki í sjónvarpsfréttunum

Uppáhaldssjónvarpsefni mitt þessa dagana eru fréttatímar Stöðvar 2 og Ríkissjónvarpsins. Þar má finna allt sem ég tel þurfa að prýða gott sjónvarpsefni, það er að segja, nóg af mannlegum tilfinningum. Í fréttatímum sjónvarpsstöðvana má finna mikið magn dramatíkur, reiði, gleði og jafnvel kómíkur, eins og allt gott sjónvarpsefni á að gera eigi það að fanga athygli áhorfandans.

Rannsóknarskýrslan sem kom út fyrir viku var hádramatísk en á sama tíma skopleg því ummælin sem höfð voru eftir sumum voru hreinlega fáránleg. Eftir skýrsluna kom eldgos og í kjölfar þess feiknamikið flóð auk þess sem ösku rigndi yfir Kirkjubæjarklaustur og nágrenni. Hádramatískt.

Aðþrengdar eiginkonur, American Idol, Gray's Anatomy og Glæpurinn mega bíða betri tíma mín vegna, því dramatíkin og spennan í þeim þáttum á ekkert í það sem á sér stað í raunveruleikanum hér á landi um þessar mundir. Ég velti því fyrir mér hvort Dorrit eigi eftir að komast aftur til sinna heima að afmælisveislunni lokið, eða hvort hún þurfi að dúsa í kóngsins Köben um óákveðinn tíma. Ég vona að flóðið í Markarfljóti hætti fljótt svo að bændur þar í kring fái svefnfrið. Ég bíð spennt eftir því hvort og þá hverjir verði sóttir til saka í kjölfar rannsóknarskýrslunnar, en á meðan stytti ég mér stundir við að hlæja að heimskulegum ummælum sumra viðmælenda nefndarinnar. Spennan er nánast óbærileg og þess vegna passa ég mig á að missa helst aldrei af fréttatímum Stöðvar 2 og Sjónvarpsins, ég vil fyrir enga muni missa af framvindu mála. Ég verð hreinlega að fá að vita hvað það er sem gerist næst og sem betur fer þarf ég ekki að bíða í viku eftir því heldur aðeins einn dag.

MÁNUDAGUR

▶ **19.00 Keflavík – Snæfell, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.45 King of Queens** SKJÁREINN

▶ **20.10 Lífið** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30 Golf fyrir alla** INN

▶ **21.50 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Leiðin á HM (8:16) (e)
18.00 Pálína (32:56)
18.05 Herramenn (19:52)
18.15 Pósturinn Páll (18:28)
18.30 Eyjan (Øen) (8:18)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.10 Lífið** (Life) (4:10)
21.00 Lífið á tökustað (Life on Location) (4:10)
21.15 Sporlaust (Without a Trace) (16:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery og Roselyn Sanchez.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Úlfaþytur í úthverfi (Suburban Shootout II) (4:6) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra. Aðalhlutverk: Anna Chancellor, Felicity Montagu, Amelia Bullmore og Emma Kennedy.
22.45 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)
23.30 Spaugstofan (e)
23.55 Kastljós (e)
00.25 Fréttir (e)
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

06.15 Man About Town
08.00 Picture Perfect
10.00 Good Night, and Good Luck
12.00 Pokemon
14.00 Picture Perfect
16.00 Good Night, and Good Luck
18.00 Pokemon
20.00 Man About Town Rómantísk gamanmynd með Ben Affleck, John Cleese og Rebeccu Romijn í aðalhlutverkum.
22.00 Licence to Kill
00.10 Prizzi's Honor
02.15 The Things About My Folks
04.00 Licence to Kill

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Krakkarnir í næsta húsi og Tommi og Jenni.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 Hæðin (5:9)
11.00 60 mínútur
11.45 Falcon Crest (11:18)
12.35 Nágrannar
13.00 Dr. No
14.45 ET Weekend
15.30 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (16:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (17:24)
19.45 How I Met Your Mother (1:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
20.10 American Idol (30:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol.
21.35 American Idol (31:43) Nú kemur í ljós hvaða sjö keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
22.20 Supernatural (7:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
23.00 It's Always Sunny In Philadelphia (15:15) Þriðja þáttaröð gamanþáttaraðar um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að komi til.
23.25 The Year of the Yao
00.55 Goldplated (3:8)
01.40 Dr. No
03.25 The Murder of Princess Diana
04.55 Supernatural (7:16)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Real Madrid - Valencia Útsending frá leik í spænska boltanum.
15.30 PGA Tour 2010 Útsending frá Verizon Heritage-mótinu í golfi.
18.30 Meistaradeild Evróopu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
▶**19.00 Keflavík - Snæfell** Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
21.00 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
22.00 Bestu leikirnir. FH - KR 30.08.07 Það var búist við hörkuleik þegar stórveldin tvö, FH og KR mættust í lok ágúst árið 2007. FH-ingar sýndu aftur á móti allar sínar bestu hliðar í leiknum og tóku KR-inga í sannkallaða kennslustund.
22.30 Keflavík - Snæfell Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
00.10 Ultimate Fighter - Sería 10 Sýnt frá Ultimate Fighter þar sem margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks í þessari mögnuðu íþrótt.
00.55 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Portsmouth - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 Fulham - Wolves Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
18.50 Liverpool - West Ham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.30 Liverpool - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Spjallið með Sölva (9:14) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (9:14) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
16.05 Matarklúbburinn (5:6) (e)
16.35 7th Heaven (22:22)
17.20 Dr. Phil
18.05 Game Tíví (12:17) (e)
18.35 I´m A Celebrity…Get Me Out Of Here (6:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þrauka í miðjum frumskógi.
▶**19.45 King of Queens** (18:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
20.10 Melrose Place (11:18) Amanda flytur inn í íbúð systur sinnar og sýnir David strax mikinn áhuga. Ella notar klæki til að redda Jonah vinnu.
20.55 One Tree Hill (16:22) Tökur á myndinni hefjast og Brooke og Julian reyna að skilja á milli einkalífsins og vinnunnar. Nathan og Haley fá óvænta heimsókn.
21.40 CSI (8:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.30 Jay Leno
23.15 Californication (4:12) (e)
23.50 Heroes (14:26) (e)
00.35 Heroes (15:26) (e)
01.20 Battlestar Galactica (7:22)
02.05 King of Queens (18:25) (e)
02.30 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Úr öskustónni Guðjón Bergmann fær góða gesti og ræðir málefni sem snerta alla.
▶**20.30 Golf fyrir alla** Nýr golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
21.00 Frumkvöðlar Gestir Elinóru Ingu eru Ari Viðar Jóhannesson og Jarl Stefánsson en þeir segja frá fyrirtæki sínu Sprettúrmarimo.
21.30 Í nærveru sálar Að heyra barn sitt vaxa. Blindur faðir, Bergvin Oddsson er gestur Kolbrúnar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol
Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol. Enginn keppandi fór heim í síðasta þætti og þurfa því tveir að kveðja í kvöld. Þeir níu sem eftir eru þurfa að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings. Hvaða sjö keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram vonina um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna?

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

CSI
Skjár einn kl. 21.40
Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Í þættinum í kvöld er morð framið í keilusal þar sem fjölmennt mót er í gangi. Fórnarlambið er starfsmaður keiluhallarinnar sem hafði nýlega unnið atvinnumann í faginu í upphitun fyrir mótið.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Borg
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Samræða á sunnudegi
22.05 Veðurfregnir
22.10 Orð kvöldsins
22.20 Girni, grúsk og gloríur
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radió
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (16:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Friends (3:24) Fylgstu með ævintýrum, Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (16:22)

20.30 Friends (3:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶**21.50 Réttur** (6:6) Það er komið að æsispennandi lokaþætti og málin eru heldur farin að skýrast í hinu tuttugu og sex ára gamla manndrápsmáli sem söguhetjan okkar, hann Logi Traustason, sat inni fyrir.

22.35 Cold Case (15:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

23.20 Twenty Four (12:24) Áttunda serían um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn. Höfuðstöðvar CTU hafa verið færðar þangað og nýtt fólk er við stjórnvölinn. Því á sérþekking hans eftir að reynast mikilvægari nú en nokkru sinni áður.

00.05 Sjáðu

00.30 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.35 My Hero **13.05** The Weakest Link **13.50** New Tricks **14.40** Allo, ,Allo! **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Blackadder II **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** The Green Green Grass **18.00** The Green Green Grass **18.30** Hustle **19.20** Waking the Dead **20.10** The Green Green Grass **20.40** The Green Green Grass **21.10** New Tricks **22.00** The Inspector Lynley Mysteries **22.45** Hustle **23.35** Waking the Dead

DR 1

12.00 Bortfort **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co. **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Karlsson på taget **15.55** Jeg er et dyr! **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Soren Ryge præsenterer **18.00** Yellowstone Nationalpark **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Morse **21.45** OBS **21.50** Hjernestorm **22.20** Boogie Mix

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Bondeknolen **10.40** I sorhellinga **11.15** Skavlan **12.15** Himmelblå **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Bedre puls **18.15** Måltidet jeg aldri glemmer **18.45** Billedbrev **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Kroniken **20.30** Hjernevask **21.10** Kveldsnytt **21.25** Poirot **22.55** Nytt på nytt **23.25** Sport Jukeboks

SVT 1

12.20 Puck heter jag **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Bubblan **15.25** Kvartersdoktorn **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Kommissarie Winter **20.00** Ping-pongkingen **21.50** Jakten på Julia **22.50** Kan jag få dö nu? **23.50** Landet runt

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég er mikill rannsóknarlögregluþáttamaður og datt til að mynda í þáttaröðina Criminal Justice og svo hef ég horft á CSI-þættina.“

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells.

Davíð tilnefndur til verðlauna

Stuttmyndin, Vet Inte, í leikstjórn Davíðs Charles Friðbertssonar hefur verið tilnefnd til verðlauna í flokknum besta alþjóðlega stuttmyndin á kvikmyndahátíðinni Swansea Bay Film Festival. Hátíðin er haldin í Bretlandi 8. til 16. maí og er verndari hennar hin heimsþekkta leikkona Catherine Zeta-Jones.

Davíð nam kvikmyndagerð og leikstjórn við kvikmyndaskólann Prag Film School og er stuttmyndin Vet Inte lokaverkefni Davíðs frá skólanum. Myndin er skotin á svonefnda Super 16-filmu og lauk Davíð við eftirvinnslu hennar nú í febrúar og samdi Steve Sampling tónlistina fyrir myndina. „Ég kláraði myndina í Berlín í febrúar og sendi hana svo áfram á stuttmyndahátíðir víðsvegar um heiminn. Það er mjög ánægjulegt að vera tilnefndur í flokki bestu stuttmynda með fyrstu myndina sína,“ segir Davíð, sem hyggst fara á hátíðina í Swansea. „Fjölskylda mín setti saman í púkk svo ég get verið viðstaddur. Það fylgir þessum bransa víst að þurfa að selja sig, kynna verk sín og skapa tengsl við aðila sem starfa innan bransans og þess vegna er gott að geta mætt á hátíðina,“ segir hann.

Um þessar mundir vinnur Davíð að nýju handriti ásamt íslenskum og þýskum félögum, handritið fjallar um ungan pilt sem sendur er inn á Tsjernóbýl-svæðið skömmu eftir slysið til að hnupla verðmætum sem eftir urðu. Þýskur framleiðandi hefur nú þegar sýnt verkefninu áhuga og verður myndin að öllum líkindum framleidd þar í landi. „Handritið var upphaflega hugsað sem handrit að stuttmynd, en þýski framleiðandinn vildi kvikmynd í fullri lengd og við erum sem sagt að vinna í því þessa stundina,“ útskýrir Davíð.

- sm

KEMST ÚT Davíð Charles Friðbertsson hefur verið tilnefndur til verðlauna á kvikmyndahátíðinni Swansea Bay Film Festival í Bretlandi.



LÁRÉTT
2. æsa, **6.** pot, **8.** bók, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** mentastofnun, **16.** átt, **17.** rakspaði, **18.** mál, **20.** fyrir hönd, **21.** ókyrr.

LÓÐRÉTT
1. íþrótt, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** andsvar, **10.** verkur, **13.** gaul, **15.** sjá eftir, **16.** arinn, **19.** kusk.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. örva, **6.** ot, **8.** rit, **9.** lit, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** skóli, **16.** sv, **17.** lóð, **18.** tal, **20.** pr, **21.** órór.

LÓÐRÉTT: 1. golf, **3.** rr, **4.** vitgiðp, **5.** att, **7.** tilsvar, **10.** tak, **13.** gól, **15.** iðra, **16.** stó, **19.** ló.

ARI KRISTINSSON: KVIKMYNDAGERÐARMENN VILJA BJARGA HÚSINU

Regnboganum verði breytt í menningarmiðstöð

Hugmyndir eru uppi um að koma Regnboganum til bjargar og breyta þessu eina kvikmyndahúsi miðborgarinnar í svokallað arthouse-kvikmyndahús með kaffihúsi, bókasafni, sérhæfðum kvikmyndasýningum og kvikmyndahátíðum, og kvikmyndasýningum fyrir skóla og ferðamenn. Kvikmyndamiðstöð Íslands er að flytja upp á aðra hæð Regnbogahúsnæðisins og sjá kvikmyndagerðarmenn og áhugafólk um sjálfstæða kvikmyndagerð þarna kjörið tækifæri til að sameina kvikmyndastarfsemina undir einn hatt.

Ari Kristinsson, formaður SÍK, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að miklar umræður hafi átt sér stað um framtíð Regnbogans. Kvikmyndagerðarfólk geti ekki hugsað þá hugsun til enda að miðborgin glati sínu eina kvikmyndahúsi. „Þetta gæti verið rétta arthouse-kvikmyndahúsið,“ segir Ari. Hann bendir á að stofnanir kvikmyndabransans séu frekar dreifðar, kvikmyndasafnið sé til að mynda í Hafnarfirði en í Regnboganum fengi það frábæra aðstöðu. „Þetta yrði miðstöð fyrir þessar óhefðbundnu kvikmyndir og ég tel að það sé alveg mögulegur rekstargrundvöllur fyrir slíkri kvikmyndamiðstöð. Þarna væri hægt að sýna gamlar íslenskar myndir, kvikmyndasögulegar myndir og svo þessar evrópsku myndir sem fá ekki alltaf brautargengi í hinum venjulegu kvikmyndahúsum. Þarna væri líka kominn kjörinn vettvangur fyrir kvikmyndahátíðir,“ segir Ari sem sér það fyrir sér að þarna yrði nokkurs konar menningarmiðstöð fyrir kvikmyndagerð.

Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu heldur til að mynda sína árlegu bíódaga næstu þrjár vikur. Hann segir það verða erfitt að halda slíka kvikmyndahátíð ef Regnboginn lokar.

MÁ EKKI LOKA

Ari Kristinsson segir íslenska kvikmyndagerðarmenn og áhugafólk um evrópskar kvikmyndir og -sögu hafa mikinn áhuga á að bjarga Regnboganum frá lokun. Húsnæðið gæti nýst vel undir nokkurs konar menningarmiðstöð fyrir kvikmyndagerð.

Hann viðurkennir að ákveðinna breytinga sé þörf og er sammála hugmyndum Ara um að koma á fót alvöru arthouse-kvikmyndahúsi líkt og þekkist í öðrum stórborgum.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Skúli Z. Gestsson og félagar í hljómsveitinni Diktu komu í fyrsta skipti fram á Players í Kópavogi síðastliðið föstudagskvöld. Þrátt fyrir að Dikta sé vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir þá voru menn ekki vissir um að þeir myndu ríða feitum hesti frá þessu musteri sveitaballapoppsins. Hljómsveitin þaggaði hins vegar niður í öllum úrtölurödd-um og strákarnir troðfylltu kofann. Uppselt var á tónleikana og þurftu einhverjir frá að hverfa þegar hætt var að selja inn.

Strákarnir í Diktu voru ekki þeir einu sem komu í fyrsta skipti fram á Players því netstjarnan **Maggi Mix** hitaði mannskapinn upp. Góður rómur var gerður að uppistandi Magga sem þykir lunkinn grínisti, þó að hann sé þekktari fyrir góða spretti í eldhúsinu. Maggi lék við hvern sinn fingur og fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna þegar hann endaði á laginu Sexí bomba.

Íslenska landsliðið í handbolta lék tvo æfingaleiki við Frakka um helgina og tókst að standa í þessu sterkasta handboltaliði heims. Eftir naumt tap á laugardaginn fóru strákarnir út á lífið og fáir voru hressari en Ásgeir Örn Hallgrímsson, **Róbert Gunnarsson** og Aron Pálmarsson sem sáust á Kaffibarnum umkringdir æstum handboltaunnendum.

- afb

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

VAR AÐ DETTA Í HÚS!

SIGIN GRÁSLEPPA

FRÁ DRANGSNESI

REYKTUR RAUÐMAGI

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Einlægt sigurlag á leiðinni í útvarp

Kristmundur Axel Kristmundsson og félagar í Borgarholtsskóla sigruðu í Söngkeppni framhaldsskólanna um helgina með laginu Komdu til baka. Lagið vakti gríðarlega athygli, en textinn fjallar á afar einlægan hátt um alkóhólisma föður Kristmundar.

Viðbrögð við laginu hafa verið sterk, en að sögn Kristmundar hefur það reynst vel í baráttu föður hans, sem er edrú í dag, við sjúkdóminn. Þá er hann búinn að heyra um að minnsta kosti fjóra alkóhólista sem settu tappann í flöskuna eftir að þeir heyrðu það. „Ég þekki þá ekki einu sinni,“ segir hann. „Ég spilaði það á AA-fundi og það var náungi sem talaði við mig og sagðist ekki hafa drukkið eftir að hann heyrði lagið. Þetta höfðar til svo margra. Það eru margir krakkar búnir að tala við mig segjast kannast við þessa reynslu.“

Lagið hefur raunar vakið svo mikla athygli að nú eru Kristmundur og félagar eru þegar búnir að taka lagið upp í hljóðveri, en útvarpshlustendur mega búast við að heyra lagið á öldum ljósvakans á næstu vikum.



Í HLJÓÐVERI Kristmundur er búinn að taka upp sigurlagið fyrir útvarp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rappheimurinn hefur einnig tekið eftir hæfileikum Kristmundar og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru margir ólmir í að vinna með honum tónlist. Nafn Erps Eyvindarsonar heyrist í því samhengi, en hann ku vera áhugasamur um að taka í hljóðnemann með rapparanum unga í náinni framtíð.

- afb

ÓDÝRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST

SUMAR 2010 ÚRVAL·ÚTSÝN

Hopp og hí og allir fara í

Sumarfrí

á frábæru verði!

Úrval Útsýn býður upp á ferð til Portúgals á frábæru sértilboðsverði. Misstu ekki af þessu tækifæri því **þetta sértilboð rennur út í dag!** Tryggðu þér ódýrustu sætin í tíma og bókaðu núna á urvalutsyn.is!

PORTÚGAL SÉRTILBOÐ 76.900 kr

TILBOÐINU LÝKUR Í DAG!

Aparthotel Oceanus ★★★★

Gott 3 stjörnu íbúðarhótel í ferðamannabænum Olhos D'Agua um 5 km frá miðbæ Albufeira. Hótel er allt nýuppgert með fallegum íbúðum og fyrirtaks aðstöðu. Aðeins 500m eru niður á ströndina og strætó stoppar 50 metra frá hótelinu. Veitingastaðir, barir og verslanir eru í göngufæri.

SÉRTILBOÐ

Portúgal (Brottför: 17. júní - vika)

76.900 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu á Aparthotel Oceanus með 1 svefnherbergi.*

Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir brautryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

SKOÐAÐU FLEIRI SPENNANDI GISTIMÖGULEIKA Á **urvalutsyn.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppseldir snúðar

Ein frægustu ummæli rannsóknarskýrslunnar eru þegar Össur Skarphéðinsson segir frá því að hinn munnstóri bankastjóri Landsbankans **Sigurjón Árnason** gleypir hálfan snúð í einum munnbita. Spaugstofan lét að sjálfsögðu ekki sitt eftir liggja og grínaðist með atvikið á laugardag. Umræðan virðist hafa vakið Íslendinga af

værum snúðablundi því bakkelsið sæta var víða uppselt um helgina og Fréttablaðið heyrði af svöngum manni sem flakkaði á milli fimm bakaría án þess að finna svo lítið sem einn snúð.

Heimir hjálpar NBC

Umheimurinn fylgist nú með gosinu í Eyjafjallajökli og fulltrúar frá mörgum af helstu fréttastofum heims eru komnir til landsins. Bandaríska fréttastofan NBC er til að mynda með reglulegar útsendingar frá svæðinu og nýtur hjálpar fréttahauksins **Heimis Más Pétursonar** við verkið. Hann er henni innan handar í gosinu sem enginn sér fyrir endann á.

Óviðeigandi lagaval

Áhorfendur á leikjum Íslands og Frakklands um helgina voru almennt nokkuð sáttir við leik íslenska liðsins þó að það hafi ekki landað sigri. Lagavalið í Laugardalshöllinni fór samt í taugarnar á mörgum sem fannst lögin Cotton Eye Joe og Vöðvastæltur ekki til þess fallin að hvetja liðið til dáða. Þá misbauð mörgum þegar plötusnúðurinn spilaði sigurlag Noregs í Eurovision í fyrra, en afar pínlegt var að hlusta á eina lagið sem endaði fyrir ofan Ísland á sama tíma og landsliðið spilaði við eina liðið sem sigraði Ísland á EM í ár. - afb

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Féll útbyrðis og lést
2. „Þetta er samstillt átak"
3. Eldgosið á Eyjafjallajökli – myndir
4. Telur að Bjarni eigi að segja af sér
5. Fimm handteknir í annarlegu ástandi við Skautahöllina

KOMDU Í ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMA
Í KVÖLD KL. 20 · ÁRMÚLA 11
Taktu frá sæti í síma 555 7080
www.dale.is
DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð

STÆRÐ	VALHÖLL	SAGA	ÞÓR	IQ-CARE
90x200	69.900	89.900	-	134.900
100x200	74.900	94.900	104.900	144.900
120x200	84.900	109.900	124.900	164.900
135x203	-	-	-	169.900
140x200	89.990	119.900	139.900	179.900
153x203	99.900	129.900	149.900	179.900

Tilboð með leðurlituðum botni og fótum

30% afsláttur af lökum og hlífðardýnum

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á RÚMBOTNUM

Svefn & heilsa ★★★★★

3 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is